

	Bls.
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1947-1990 .....	1
Byggðasafn Skagfirðinga. Ársskýrsla 1990 .....	5
Héraðsbókasafn Skagfirðinga. Ársskýrsla 1990 ..	48
Safnahús Skagfirðinga. Ársskýrsla 1990 .....	49
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Greinargerð 1990 .	51
Vísnaverð Guðmundar Stefánssonar í Minnibrekku .....	54
Ábæjarskotta .....	62
Safnafréttir .....	64

15. árgangur 1991

# safna mal



Útgefandi:  
SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA  
fyrir  
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA  
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA  
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

Gefið út með styrk úr  
MENNINGARSJÓÐI  
MAGNÚSAR BJARNASONAR  
kennara

Umsjón:  
HJALTI PÁLSSON

Ábyrgðarmaður:  
GUNNAR GÍSLASON

AKUREYRI  
PRENTVERK  
ODDS BJÖRNSSONAR HF.  
MCMXCI

# Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1947-1990

## 1

Rétt er að vekja þegar athygli á því, að í þessari grein er leitast við að segja *einungis* sögu Héraðsskjalasafnsins. Svo háttar til, að sama stjórn fer með málefni fjögurra stofnana, en ein er gjörðabókin fyrir allar. Hér er um að ræða Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Listasafn Skagfirðinga og Safnahús Skagfirðinga, sem er sjálfseignarstofnun. Stundum reynist því erfitt að draga markalínurnar milli þessara fyrirtækja, enda eru hagsmunir þeirra sem ívaf sömu uppistöðu. – K.B.

Framan af 19. öld stóð sagnaritun og sagnaskemmtun með meiri blóma í Skagafirði en annars staðar á landinu. Lærðir og leikir tóku höndum saman: Jón sýslumaður Espólín, séra Jón Konráðsson, Gísli Konráðsson, Einar Bjarnason á Mælifelli, Tómas Tómasson á Hvalnesi, Þorsteinn Þorsteinsson í Málmei, Gunnlaugur Jónsson á Skuggabjörgum, Bólu-Hjálmar, Skúli Bergþórsson á Meyjarlandi o.fl.

Þegar dregur nær aldarlokum, verður hljóðara um fræðistörf Skagfirðinga. Þeir, sem stóðu í fylkingarbrjósti um miðbik aldar, voru komnir undir græna torfu. Æ færri fetuðu í fótspor frumherjanna. Nokkru mun hafa um valdið, að upp úr miðri öldinni, hófst bóka- og blaðaútgáfa að marki og áhugi dreifðist til ýmissa átta. Lífsvenjur þjóðarinnar breyttust. Þess gætti fyrst að ráði eftir fyrri heimsstyrjöld. Æskan leitaði sér staðfestu í nýjum, ókunnum heimi, vildi leiða þjóðina út úr moldargrenjunum, velta í rústir, byggja á ný; breyta bókadraumnum „í vöku og starf“. Þá voru ekki kyn, þótt áhugi á þjóðlegum fræðum væri ekki eins almennur og fyrr. Var það vel, að áhuga kenndi á fleiri sviðum.

*Safnamál . 1*



Nokkrir ungir menn í Skagafirði héldu þó vöku sinni, vildu bjarga eins miklu af fornri menningararfleifð og kostur væri á. Breyttir lífshættir urðu þeim brýning. Ýmsir fræðaðulir 19. aldar hirtu lítt um samtíðarsögu sína. Þar var margt óskráð eða óljóst; verðugt verkefni aldamótakynslóðinni að greiða úr þeim flækjum. Tveir skagfirzkir bændur sinntu þeirri iðju umfram aðra menn: Margeir Jónsson á Ögmundarstöðum og Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum. Og báðir voru handritasafnarar. Margeir reyndist mun stórvirkari og gerði víðreist um lendur skagfirzkrar sögu. Á þeim vettvangi var Stefán fremur hnepptur við smalaþúfuna.

Um 1930 fer áhugi á þjóðlegum fræðum að glæðast að nýju. Á kreppuárunum fór hann enn vaxandi. Raunin er oft sú, að þá er mönnum mest í hug björgun þjóðlegra menningarverðmæta, er miklar þrengingar steðja að og vart hillir undir brún betri tíma. Fram til þessa höfðu fræðimenn baukað hver í sínu horni, samtök höfðu þeir engin með sér og litla samvinnu. Allir fundu sárt til þess, hve óhægt reyndist heima í héraði að afla vitneskju úr opinberum gögnum, sem ýmist höfðu verið send suður yfir heiðar eða voru grafin í gleymsku hjá stofnunum í héraði.

Árið 1934 lagði Jón Sigurðsson á Reynistað fram erindi á sýslu-fundi þess efnis, að hafizt yrði handa um að safna, „sem ítarlegust-um drögum til sögu Skagfirðinga á síðustu öld, og sérstaklega að fá það skrásett, sem enn er óritað.“

Sýslunefnd vildi leggja málinu lið og kaus „sagnfræðinefnd“: Jón á Reynistað, Sigurð Sigurðsson sýslumann og Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum. Samtök voru stofnuð í flestum eða öllum hreppum sýslunnar, og nokkuð vannst á. Markmiðið var að safna efni til héraðssögu.

Í ársbyrjun 1937 boðuðu Jón á Reynistað og Sigurður sýslumaður til fundar; ræða átti stofnun skagfirzks „fræðafélags“. Fundurinn var haldinn hinn 6. febrúar á sýsluskrifstofunni á Sauðárkróki. Hann sóttu nokkrir áhugamenn. Aftur var blásið að kolunum, mönnum stefnt til fundar, hinn 16. apríl, og þá var Sögufélagi Skagfirðinga komið á fót. Stofnfélagar voru 41. Fyrstu stjórn skipuðu Sigurður Sigurðsson sýslumaður formaður, en meðstjórn-



Jón Sigurðsson alþingismaður á Reynistað.  
Stjórnarmaður 1948-1971.



Sigurður Sigurðsson sýslumaður.  
Stjórnarmaður 1948-1958.

endur voru Jón á Reynistað, Stefán Vagnsson, þá bóndi á Hjaltastöðum, Gísli Magnússon í Eyhildarholti, séra Tryggvi H. Kvaran á Mælifelli, Guðmundur Davíðsson á Hraunum og Margeir Jónsson á Ögmundarstöðum. Varaformaður var kosinn séra Helgi Konráðsson. Hann tók skjótt sæti í aðalstjórn og gegndi gjaldkera-störfum félagsins til dauðadags (1959).

Í sama mund og unnið var að stofnun Sögufélags Skagfirðinga var nokkur gangskör gerð að söfnun handrita og að fá þeim sama-stað í héraði. Veglegt hús var reist yfir Bókasafn Skagafjarðarsýslu 1936, og brátt fékk hinn litli vísir að handritasafni þar inni. Sögufélagið starfaði frá öndverðu í tveim deildum: Skagafjarðardeild og Reykjavíkurdeild. Í hinni síðarnefndu voru Skagfirðingar „búsett-ir í Reykjavík og annars staðar, að undanteknu Norðurlandi“. Með þessu þótti tryggt, að Skagfirðingar hvaðanæva á landinu legðu félaginu lið og drægju föng að því. Tveim árum síðar en



Þetta var hóf félagið bókaútgáfu með riti Magnúsar Jónssonar, Ásbirningum (Rv. 1939).

Framfarafélag Skagfirðinga hætti störfum 1938 og gaf þá félags- sjóð sinn til bóka- og handritakaupa. Sjóðurinn bar nafnið Bóka- og handritasjóður Skagfirðinga, og var gengið frá skipulagsskrá hans. Það duldist því ekki, að þá þegar hugðust Skagfirðingar hefja söfnun fræðibóka og kaup á handritum, þótt minna yrði að vísu úr en til var ætlazt.

Takmark Jóns á Reynistað var að virkja til starfa ritfæra fróð- leiksmenn heima í héraði. Honum varð skjótt ljóst, að sá hængur var á, að þeim þótti um langan veg að sækja suður yfir heiðar. Úr því varð að bæta. Jóni var tamari varfærni en vogun og hugsaði því vel sitt mál. Oft hafði hann fengið ýmis gögn lánuð úr Þjóð- skjalasafni um stundarsakir til notkunar heima í héraði, skag- firzrum sagnamönnum til mikils fagnaðarauka, en notendur safna syðra tóku stundum óstinnt upp.

Jóni varð ljóst, að betur mátti, ef duga skyldi. Ekki reyndist það skagfirzki fræðimennsku einhlítt, þótt sjálfur væri hann á vetrum á hlaupum milli Alþingishúss og Þjóðskjalasafns, þar sem hann sat löngum og löngum og leitaði fanga fyrir Sögufélagið. Hann hlaut að vinna að því að fá sem mest af „plöggum“, eins og hann orðaði það, til varðveislu á heimaslóðum. Stjórn Sögufé- lagsins hafði á þrjónum margþætta bókaútgáfu, en að henni varð ekki unnið í héraði að öllu óbreyttu.

Enn lagðist Jón á Reynistað undir feld. Honum var kunnugt um, að víða erlendis voru starfrækt borgarskjalasöfn og héraðs- skjalasöfn. Þar tíðkaðist ekki að koma öllum opinberun gögnum fyrir á einum stað. Hann flutti því frumvarp á alþingi um héraðs- skjalasöfn haustið 1946. Hann mælti m.a. svo fyrir því:

„Þjóðskjalasafninu berst nú orðið svo mikið frá embættis- og starfsmönnum ríkisins og nefndum, sem skipaðar eru af ríkisstj., að vandkvæði eru nú á að varðveita það alt saman þannig, að það verði aðgengilegt fyrir þá, sem óska að nota þessi skjöl. Það virðist ekki ástæða til að draga að Þjóðskjalasafninu enn þá fleiri

flokka skjala og bóka, ef kostur er á góðri geymslu annars staðar... Á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur eru nú þegar bókhöður, sem hæfar eru til skjalageymslu. Loks er óvarlegt af öryggisástæð- um að safna öllum skjölum og heimildum á einn stað, ef eldsvoða eða önnur stór óhöpp ber að höndum, enda mun það ekki gert í nágrannalöndum okkar...“

Síðar segir Jón:

„Ég tel, að nú eigi bæði kaupstaðir og héruð að hafa fullan rétt til að fá skjöl og bækur nefnda, sem skilað hefur verið, ef þeir geta sjálfir geymt það örugglega“.

Er ekki að orðlengja það: Frumvarpið um héraðsskjalasöfn var samþykkt með smávægilegum breytingum; lögin um héraðsskjala- söfn voru staðfest hinn 12. febrúar 1947.

## 2

Á sýslufundi Skagfirðinga 23. apríl 1947 lagði menntamálanefnd, sem Jón á Reynistað, Gísli í Eyhildarholti og Valgard Blöndal skipuðu, fram svofellda tillögu:

„Sýslunefnd samþykkir að stofna þegar til héraðsskjalasafns fyr- ir Skagafjarðarsýslu, samkv. lögum þar um. Skal safnið varðveitt í húsakynnum Bókasafns Skagafjarðarsýslu. Stjórn B.S. hefir með höndum stjórn héraðsskjalasafnsins og framkvæmdir allar í þágu þess, aslar eftir því sem auðið er, skjalasafna þeirra embætta og stofnana er í téðum lögum greinir og til eru í héraðinu, sækir um árlegan styrk til safnsins úr ríkissjóði og sér um hvað annað, er safninu má verða til vaxtar og þrifnaðar.“

Tillagan var samþykkt samhljóða með atkvæðum allra sýslu- nefndarmanna.



Hlutverk héraðsskjalasafna lögum samkvæmt er að varðveita flokka og skrá gögn stjórnisýslulegs eðlis, sem varða það umdæmi, er safnið á að starfa fyrir. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga átti því að innheimta og varðveita opinber gögn Skagafjarðarsýslu og Sauðárkróksbæjar, með takmörkunum þó, eins og síðar verður vikið að. Héraðsskjalasöfn tóku því að sér að vissu marki það hlutverk, sem Þjóðskjalasafn Íslands gegndi, enda lúta þau yfirstjórn þjóðskjalavarðar. Geymsluskylda héraðsskjalasafna náði til skjala hreppstjóra, sýslunefnda og bæjarstjórna, hreppsnefnda, undir- og yfirskattanefnda, svo og sáttanefnda. Að öðru leyti kom mjög til kasta þjóðskjalavarðar, hvað afhenda skyldi. Reglugerð með lögum þessum var ekki sett fyrr en 1951, og skar þá úr um vafaatriði, sem upp komu, að nokkru marki.

Bækur og skjöl féлага og stofnana, sem nutu eða höfðu notið styrkja af almannafé, voru og afhendingarskyld. Má þar nefna lestrarfélög, ungmennafélög, leikfélög, íþróttafélög og skógræktarfélag. Hins vegar áttu að varðveitast í Þjóðskjalasafni prestþjónustubækur hvers konar; skiptabækur, dóma- og þingabækur, svo eitthvað sé talið.

Mikið hafði áunnizt. Mikið vantaði þó á skjalaheimtina, er skjalasöfn sýslumanna og prófasta voru að mestu undanþegin afhendingarskyldu til héraðsskjalasafna. Úr þeim vanda greiddist þó brátt að miklu leyti, eins og síðar mun frá greint.

Oftast hefur verið litið svo á, að Héraðsskjalasafn Skagfirðinga væri formlega stofnað með samþykkt sýslufundar 23. apríl 1947, er fulltrúar allra hreppa sýslunnar stóðu að. Valgard Blöndal sat fundinn sem varafulltrúi Sauðkræklinga. Þrem vikum síðar voru kaupstaðarréttindi til handa Sauðárkróki samþykkt og afgreidd sem lög hinn 13. maí og staðfest 24. s.m. Það kom því raunar ekki til kasta bæjarstjórnar að samþykkja stofnun safnsins, og er hljótt um það á þeim vettvangi fram yfir 1950. Sama má raunar segja um hina fyrstu skjalasafnsstjórn. Hún kom ekki saman til fundar fyrsta starfsárið. Á fundi í janúar ári síðar (1948) er skjalasafnið að vísu hvergi nafngreint, en vikið að því í fundargerð, að setja þurfi upp eldtraust hólfi „til geymslu fyrir handrit og fá-

gætustu bækur safnsins“. Skjalasafnið eignaðist þó aldrei eldtrausta geymslu.

Á sama fundi var og samþykkt að skora á hreppstjóra og oddvita sýslunnar „að afhenda sýslubókasafninu allar embættisbækur, sem þeir þurftu ekki að nota“. Klykkt er út með svofelldri bókun:

„Samþykkt, að mælast til þess við þjóðskjalavörð, að Þjóðskjalasafnið láni sýslubókasafninu manntalsbækur Skagafjarðarsýslu frá 1781-1881 til afnota við samningu nákvæms búendatals í Skagafjarðarsýslu.“

Af þessari bókun má ráða, að forsjármenn Héraðsskjalsafns Skagfirðinga, töldu að stofnun safnsins væri ekki til lykta leidd, enda hafði ekki enn verið leitað samþykkis þjóðskjalavarðar. Í júlímánuði sama ár (1948) var bókað:

„Jón Sigurðsson tilkynnti, að Sigurður sýslumaður hefði skrifað þjóðskjalaverði erindi, þar sem hann skýrir frá, að Skagfirðingar væru einráðnir í að koma á fót handrita- og skjalasafni, og gerði grein fyrir þeim skilyrðum, er hér væri fyrir hendi til þess, að væntanlegt safn gæti notið þeirra fjárhagslegu hlunninda, er lögin um héraðsskjalasöfn gera ráð fyrir.“

Síðan er ekki vikið að Héraðsskjalasafni Skagfirðinga í fundargerðum safnanna fyrr en 23. júlí 1951: Formaður, séra Helgi Konráðsson, skýrði þá frá því, að hann hefði ráðið Kristmund Bjarnason „til að skrasetja þau handrit sem til eru á safninu og að hann hefði þegar unnið talsvert að því.“

Þá samþykkti stjórnin öðru sinni innheimtu skjala hjá hreppstjórum og hreppsnefndaroddivitum. Nefndin fól séra Helga og Jóni á Reynistað að rita sýslunarmönnum í héraði með tilmælum um, að þeir semdu skrár „yfir þær bækur, sem tilheyra embættum þeirra og liggja hjá þeim.“ Það bar lítinn sem engan árangur.

Sýslufundur Skagfirðinga, sem haldinn var 11.-21. apríl 1951, samþykkti frumvarp að stofnskrá og reglugerð fyrir héraðsskjala-



safnið. Bæjarstjórn Sauðárkróks lagði líka blessun sína yfir gjörningana. Þeir voru undirritaðir af sýslumanni og bæjarstjóra, stofnskráin 21. apríl, reglugerðin 21. maí sama ár.

Ekki þarf að hafa mörg orð um þessa gjörninga. Þeir endurspeglu í fyrsta lagi lög og reglugerð héraðsskjalasafna. Sérákvæði, sem lutu að Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, voru helzt, að safnið var sjálfseignarstofnun, sem sýsla og bæjarfélag skyldu sjá fyrir rekstrarfé að jöfnun hlutum, eins og fyrr segir. Svólítið stofnfé átti safnið, er hér var komið sögu (1951) og einn sjóð: Bóka- og handritasjóð Skagfirðinga, er Framfarafélag Skagfirðinga hafði fengið sýslunni til varðveislu, er það leystist upp 1938, og er áður frá því sagt. Auk þessa átti safnið nokkur húsgögn: skáp, borð og nokkra stóla.


Framkvæmdastjórn skjalasafnsins skyldi vera hin sama og sýslubókasafnsins og söfnin starfa undir sama þaki.

Stjórn Héraðsskjalasafnsins skuldbatt sig til að sjá til þess, að prestþjónustubækur prófastsdæmisins yrðu ekki afhentar Þjóðskjalasafni, fyrr en héraðsskjalasafninu „hefur verið tryggt nákvæmt samrit eða afrit af téðum bókum.“ Sama gildi um aðalmanntöl Skagafjarðarsýslu og Sauðárkróksbæjar. Slík afrit skipta nú mörgum tugum, eljuverk Skagfirðinga heima og heiman.

Reglugerð fyrir Héraðsskjalasafnið er að efni til samhljóða lögum um héraðsskjalasöfn og stofnskránni, sem þegar hefur verið fjallað um.

Nú þótti forráðamönnum sem vel væri séð fyrir málum safnsins. Eftir var aðeins að ráða skjalavörð, sem annast skyldi skrásetningu og afgreiðslu minnst 6 klst. í viku hverri, lágmark þess sem lög heimiluðu.

Áður er að því vikið, að greinarhöfundur var ráðinn „til að skrásetja þau handrit sem til eru á safninu“, eins og það var orðað. Raunar var langt því frá, að um eiginlega skrásetningu væri að ræða, til þeirra hluta skorti mikið á þekkingu þess, er vinna skyldi verkið, og stjórn safnsins virtist ekki heldur gera sé fulla grein fyrir, hvernig staðið skyldi að því. Þó mun þetta „skrásetningarstarf“ hafa komið að einhverjum notum, en það fólst í upptalningu



Bókhlaðan við Suðurgötu 7 á Sauðárkróki.  
Ljós.: Kristján C. Magnússon.

nýlegra skjala og bóka, sem bárust frá sýsluskrifstofu og nokkrum opinberum stofnunum á Sauðárkróki og lítilræði opinberra gagna frá sumum hreppanna. Úr Staðarhreppi barst þó mikið safn um hendur Jóns á Reynistað. Frá Sögufélagi Skagfirðinga barst og töluvert, einkum afrit ýmissa opinberra gagna úr Þjóðskjalasafni. Öll voru þessi gögn tölusett í réttri töluröð, en ekkert skeytt um stærð, efnisflokkun eða annað þess háttar. Hér var því um að ræða eins konar aðfangaskrá, mjög ófullkomna þó. Verst var að ýmis gögn voru síðar lánuð út um allt hérað að kröfu þeirra, sem unnu fyrir Sögufélag. Heimtur urðu oft afleitar.

Á fundi í febrúar 1952 skýrði formaður, séra Helgi Konráðsson, samnefndarmönnum sínum frá, að „Kristmundur Bjarnason væri að vinna að skrásetningu skjala og rita, sem Sögufélag Skagfirðinga hefði safnað og látið afrita handa Héraðsskjalasafninu. Í því sambandi gat formaður þess, að nú þyrfti að ráða skjalavörð...



og mælti með Kristmundi Bjarnasyni... " Tilnefningin var samþykkt og litlu síðar tilkynnt þjóðskjalaverði.

Vinnuaðstaða var afleit fyrst í stað, gamalt skólaborð í lessal bókasafnsins, engin ritföng, engin skjalageymsla utan skápur einn lítill, áður skjalageymsla fyrsta oddvita Sauðárkrókshrepps. Borðið var svo illa leikið af oddhögum nemendum að nokkurt vandhæfi reyndist að skrifa við það. Þegar greinarhöfundur var skipað að gera þriðju atrennu að sýslunarmönnum vegna slægrar skjalahemtar, hafði hann ritvél sína með sér á safnið, vart annað við hæfi, er rita þurfti ábúðarmikil bréf í krafti hins nýja embættis. Reyndar lánaði hann safninu ritvél af og til í áratugi.

Langur er heimamannabúnaður. Í mörg horn var að líta, þegar hefja skyldi söfnin tvö til vegs, en fé jafnan af skornum skammti. Alþýða manna bar skjalasafnið ekki fyrir brjóstinu; var það að vonum. Og vitaskuld var safninu lítill fjárhagslegur ávinningur að samkrulli við bókasafnið, sem esldist mjög á þessum árum, en safnastjórn oftast einráð um skiptingu fjár milli safnanna, þótt annað ætti stundum að heita. Alþýða manna gerði engar kröfur til Héraðsskjalasafnsins, en þeim mun meiri til bókasafnsins, sem eðlilegt var.

Til marks um framtak í bókasafnsmálum má nefna, að 1937 reyndist bókaeign safnsins 1080 bindi. Í árslok 1949 var hún 5500 bindi. Séra Helgi Konráðsson átti mestan heiður af þessu. Haustið 1956 tók Björn Daníelsson skólastjóri að sér bókakaup ásamt skráningu og umsjón með útlánnum bókasafns. Meðan hans naut við, jókst bókaeign safnsins um 6000 bindi. Björn Daníelsson lézt vorið 1974. Sá galli reyndist á bókavali, að nauðalítið var keypt af fræðibókum og ýmiss konar nauðsynlegum upppláttarritum, því almenningur gerði allt aðrar kröfur. Einkum reyndist þetta bagalegt fyrir Héraðsskjalasafnið, sem engan átti bókakostinn. Ekki voru kyn, þótt safnastjórn væri þröngt um hendur og þættist ekki hafa föng á að búa hlutfallslega eins vel að nýgræðingnum, Héraðsskjalasafninu.

Á stjórnarfundum safnanna 21. apríl 1954 vakti Jón á Reynistað máls á því, „að til staði að fá keyptar filmur af öllum kirkju-

og ættfræðibókum, sem Mormonar frá Utha (svo) hafa tekið upp af öllum þess háttar bókum, sem geymdar eru í Þjóðskjalasafninu í Reykjavík ásamt lesvél, sem notuð er við lestur filmanna.“ Verðið var áætlað 60 þúsund krónur. Nefndin féllst á kaupin, fengist fé til.

Var nú víða heitið á hurðir Flosa. Gekk Jón á Reynistað þar fram fyrir skjöldu, aflaði lánsfjár úr ýmsum áttum og naut aðstoðar séra Helga.

Árið 1956 gengu í gildi lög um bókasöfn og lestrarfélög, sem léttu fjárhagsbyrði þeirra stofnana, en ekki vænkaðist ráðið fyrir héraðsskjalasöfn. Þau gátu að vísu sótt um óveru til menntamálaráðuneytis. Þegar frá leið, skipti sá styrkur litlu og skilaði sér reyndar ekki alltaf til safnsins.

Björn skólastjóri var ráðinn í hlutastarf við safnið 1956, eins og fyrr segir. Ýmsir höfðu sinnt þar afgreiðslu bóka, einkum þó Steingrímur Arason frá Víðimýri, sem bjó á efri hæð bókasafns hússins og átti hana.

Ekki sést af gjörðabók, hvenær greinarhöfundur hætti störfum við Héraðsskjalasafnið að þessu sinni. Það var raunar aldrei opnað almenningi, en svo bókað 1957, að það skyldi opið „fræðimönnum eftir þörfum“. Það varð stundum hlutskipti höfundar að hlaupa undir bagga, opna safnið. Að langmestu leyti lenti þessi „afgreiðsla“ samt á Stefáni Magnússyni bókbindara, og eftir 1956 stóð hann að kalla einn að henni, þar eð höfundur sneri sér fljótlega að öðrum verkefnum.

Jóni á Reynistað tókst að afla fjár til kaupa á filmunum, sem áður er getið. Þær voru væntanlegar haustið 1956. Þá blasti við nýr vandi: Hvar átti að geyma filmusafnið, svo að það yrði aðgengilegt til notkunar? Úr málinu greiddist um sinn: Um áramótin 1956-1957 var blásið til fundar á lestrarsal bókasafns. Steingrímur Arason hafði boðið bókasafnsstjórn hæðina til kaups. Tilboðið var til umræðu á fundinum. Er ekki að orðlengja það, að sýsla og bær keyptu handa söfnunum.

Ekki var hæðin lögð undir safnið, aðeins forstofuherbergi, sem Héraðsskjalasafnið fékk til umráða. Íbúðin var að öðru leyti leigð



Mariú Sveinsdóttur, sem tók að sér afgreiðslu í bókasafni og reyndist skjalasafninu einnig haukur í horni á ýmsan veg.

Þessi ráðstöfun varð safninu mikil búningsbót og raunar skilyrði þess, að hægt væri að koma filmunum fyrir til almennra nota. Sögufélagsmenn biðu þess dags óþreyjufullir. Hann rann upp 7. október 1956. Þá komu saman á bókasafninu séra Helgi Konráðsson, Sigurður Sigurðsson sýslumaður, Gísli Magnússon í Eyhildarholti, Jón Sigurðsson á Reynistað og Björn Daníelsson skólastjóri ásamt Sveini Guðmundssyni kaupfélagsstjóra og stjórn Kaupfélags Skagfirðinga: Tobíasi Sigurjónssyni í Geldingaholti, Gísli Magnússyni í Eyhildarholti, Magnúsi Bjarnasyni kennara og Bessa Gíslasyni í Kýrholti. „Einnig var mættur Kristmundur Bjarnason, sem skrásett hefur bækur og skjöl Héraðsskjalasafnsins“, segir í gjörðabók.

Vel þykir hlýða að birta fundargerð þessa að hluta. Séra Helgi gat þess, að nú væri komið filmusafn „af ritum og skjölum Þjóðskjalasafns, er Mormonar í Ameríku hafa tekið og einnig lesvél til þess að lesa þessar filmur er Kaupfélag Skagfirðinga gæfi.“ Síðan segir:

„Gaf sr. Helgi síðan orðið Jóni Sigurðssyni alþingismanni, sem aðallega hefur unnið að því að Safnið eignaðist þessar filmur. Rakti Jón síðan tildrög þess að reynt var að fá kopíur af filmunum fyrir Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, sem hefði tekizt m.a. vegna velvildar þings og stjórnar er veitti rífligan styrk til kaupanna. Einnig gerði Jón grein fyrir því, hve ómetanlegur ávinningur væri fyrir fræðimenn héraðsins að fá þessar filmur.

Sr. Helgi þakkaði stjórn K.S. fyrir hina rausnarlegu gjöf, og rakti síðan í fáum orðum sögu Héraðsskjalasafnsins.

Mættur var nú Þórður Sighvatsson\* rafvirkjameistari, sem setti lesvélina í samband og lét í hana filmu. Kveikti kaupfélagsstjóri Sveinn Guðmundsson síðan á vélinni og sjá: Þar sást svart á hvítu upphaf á ministeralbók fyrir Ketusókn 1816-1863.“

Réttara: Sighvats.

*Safnamál . 12*



*Helgi Konráðsson prestur.  
Stjórnarformaður 1948-1959.*



*Björn Daníelsson skólastjóri og bókaforður.  
Stjórnarmaður 1954-1974.*

Eftir að filmurnar komu, annaðist Björn Daníelsson afgreiðslu fyrir skjalasafnið, er hann var við í bókasafninu, og um var beðið. Stefán Magnússon hafði og lykлавöld og afgreiddi Sögufélagsmenn eftir þörfum; þeim, sem þetta ritar, voru líka fengnir lykklar, þótt hann væri ekkert á safnsins vegum. Safnið var raunar lokuð stofnun sem fyrr, þótt nokkuð hefði rætt úr með húsnæði og handrita-kost. Oft var rætt um að skipuleggja safnið, en ekki varð af því, það var aðeins „opið fræðimönnum eftir þörfum“. Reglum um héraðsskjalasöfn var ekki hlítt.

Þjóðskjalasafn hafði enn ekki skilað afhendingarskyldum gögnum heim í hérað. Jón á Reynistað sótti nú fast, að skil væru gerð. Hann átti von á, að afhendingin yrði safninu lyftistöng, fjárfamlög til þess ykjust.

Hinn 5. maí 1958 kvaddi séra Helgi í hinnta sinni til fundar í safninu. Hann las upp svohljóðandi bréf frá Jóni á Reynistað, dags. 2. febr. 1958:

*Safnamál . 13*



„Hér með afhendi ég Héraðskjalasafni Skagfirðinga til eignar og æfinlegrar varðveislu 1 eint. af ljósprentuðu handriti af Flat-eyjarbók, er mér var gefið á þúsund ára afmæli Alþingis þann 26. júní 1930. Gjöf þessi er gefin safninu í trausti þess, að sýslu- nefnd Skagafj.s. og bæjarstjórn Sauðárkróks hlúi svo að Héraðs- skjalasafni Skagfirðinga að það verði ávallt aðgengilegur fróðleiks- brunnur fyrir þá er þangað leita og Skagfirðingum til sóma á ókomnum árum.

Virðingarfyllst

Jón Sigurðsson.“

Öllum mátti vera ljós brýningin, sem beint var til eignaraðila safnsins. Þó rættist lítið úr.

Séra Helgi skýrði því næst frá því, að borizt hefðu frá Þjóðskjala- safni um hendur Jóns á Reynistað „66 bindi og skjalaböggjar, sem afhentir eru skv. lögum um héraðsskjalasöfn.“ Jafnframt var skýrt frá því, að Sigurður sýslumaður hefði afhent Héraðsskjala- safninu ýmsar bækur sýslumanns- og bæjarfógetaembætta, alls 55 bindi. Þá var þess minnst, að Sigurður sýslumaður hafði látið af störfum og væri á förum úr héraði. Hann hafði „lengst af em- bättistíð sinni verið í stjórn bókasafnsins og formaður bókasafns- stjórnar um langt árabil og forgöngumaður um byggingu bóka- safnshússins er sýslan lét reisa árið 1936“.

Enn fleira kom til umræðu á maifundinum 1958: Kristján C. Magnússon verzlunarmaður hafði frá ungum aldri stundað ljós- myndatökur og átti mikið safn mynda. Samkvæmt samningum skyldi Sögufélag Skagfirðinga afhenda skjalasafninu til varðveislu ljósmyndir, sem því hafði áskotnast. Á fyrrnefndum fundi fól stjórnin Kristjáni „að kynna sér hentugt form á myndageymslu fyrir Héraðsskjalasafnið“. Þegar Sögufélag Skagfirðinga fór að huga að útgáfu Skagfirzkra æviskráa um 1960, þótti sýnt, að safna þyrfti miklum fjölda mannamynda. Að þessu verkefni vann Kristján á vegum skjalasafnsins og um leið í nafni Sögufélagsins

Safnamál . 14



Kristján C. Magnússon bókari.  
Stjórnarformaður 1959-1970.



Stefán Magnússon bókbindari.  
Stjórnamaður 1960-1966.

til lokadægurs. Hann á því heiðurinn af því að hafa komið fótum undir ljósmyndasafnið. Þegar hann lézt 1973, hafði verið búið um hátt í tvö þúsund mannamyndir í plasthylkjum; allar merktar á bakhlið og raðað í spjaldskrárstokka í stafrófsröð.

Í nær tvö ár eða frá maifundinum 1958 til 30. apríl 1960 er enginn fundur bókaður á vegum safnanna. Mátti af því marka, að skarð væri fyrir skildi: Séra Helgi andaðist úr krabbameini 30. júní 1959.

Í stað Sigurðar sýslumanns og séra Helga tóku sæti í stjórninni Kristján C. Magnússon, sem varð formaður nefndarinnar, og Stef- án Magnússon bókbindari, sem varð ritari hennar. Á aprílfundin- um 1960 var m.a. rætt um, að safnið eignaðist lesfilmur af dag- blöðum. Af því varð aldrei.

Eins og áður er frá greint, bættist Héraðsskjalasafninu mikið í bú árið 1958. Sá safnauki er enn óskráður 1961, og hafði safn-

Safnamál . 15



stjórn nokkrar áhyggjur af; ekkert varð þó af framkvæmdum að sinni.

Þótt lítt væri hlúð að Héraðsskjalasafni Skagfirðinga á þessum árum, gleymdi Jón á Reynistað því ekki. Árið 1961 stofnaði hann sjóð, er bar heitið Fræðasjóður Skagfirðinga. Hlutverk hans var „að stuðla að söfnun og útgáfu þjóðlegra fræða í Skagafirði“. Stofnfé sjóðsins var gjöf Reynistaðarhjóna, Sigrúnar Pálmadóttur og Jóns Sigurðssonar, tólf þúsund krónur. Sjóðurinn skyldi vera í vörzlu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. Ári síðar barst sjóðnum tíu þúsund króna gjöf frá hjónunum Sigurlaugu Jónasdóttur og Bjarna Halldórssyni á Uppsölum, til minningar um Egil bókbindara og ljósmyndara frá Völlum, albróður Sigurlaugar. Árið 1964 var fyrst veittur styrkur úr sjóðnum: Sigurði Ólafssyni á Kárastöðum.

Á fundi í ársbyrjun 1961 var nokkuð fjallað um „naudsyn þess að byggja nýtt safnahús“ og möguleika á sölu gamla hússins. Orðið var alltof þröngt um bæði söfnin, og bókasafnið raunar farið að seilast eftir geymslurými í forstofuherbergi á efri hæð, Héraðsskjalasafninu.

Í mörg horn var að líta næstu árin. Stjórnin var að þreifa fyrir sér um undirbúning að smíði nýs safnahúss. Á fundi safnstjórnar 3. febrúar 1962, var Jóni á Reynistað og Gísla í Eyhildarholti falið að reifa „byggingamál safnsins“ við bókafulltrúa ríkisins og fleiri, er málið varðaði, og átti að sjá til þess „sérstaklega að teikningar væru gerðar og kostnaðaráætlun“. Málið var reifað í bæjarstjórn að frumkvæði Björns Daníelssonar og Gísla Magnússonar í sýslunefnd.

Sumarið 1962 kom Sigurjón Sveinsson arkitekt norður til skrafs og ráðagerða, en hann átti að sjá um undirbúning. Stungið hafði verið upp á, að Sparisjóður Sauðárkróks og söfnin reistu húsið í félagi og jafnvel fleiri stofnanir stæðu að þeim framkvæmdum.

Helzt var í ráði, að söfnin eignuðust efri hæð væntanlegs húss, Sparisjóður Sauðárkróks hina neðri. Svo gekk hann úr skaftinu, sem betur fór. Stjórnin gerði þá hosur sínar grænar fyrir Rafveitu Sauðárkróks. Á stjórnarfundum í febrúar 1965 var bókað, að Rafveita



Steypuvinna við grunnplötu Safnahússins sumarið 1965. Valgeir Guðjónsson á Daufá hífði alla steypu í húsið með kranabíl sínum.  
Ljós.: Kristján C. Magnússon.

Sauðárkróks „vilji gjarnan ... fá leigðan eða keyptan hlut í væntanlegri byggingu ... Talinn möguleiki á að fara í byggingu alls hússins, ef sameign tækist við rafveituna“. Ekkert varð samt úr því, að stjórnin byndi trúss sitt við hana eða aðra í byggingarmálinu. Var það söfnunum mikið lán.

Byggingafélagið Hlynur h.f. tók að sér að reisa húsið; yfirsmiður Björn Guðnason byggingameistari. Arkitekt var Sigurjón Sveinsson áður nefndur; framkvæmdastjóri af safnsins hálfu Björn Daníelsson skólastjóri. Hann vann þar mikið og óeigingjarnt starf fyrir nauðalitla þóknun.

Í fyrstu var ákveðið að reisa aðeins helming hússins, en horfið frá því vegna mikils aukakostnaðar. Í júlí 1965 var lokið við að steypa kjallara og neðri hæð svo og þakplötu. Verkinu var haldið



ótrautt áfram, enda ákveðið að reyna að leigja neðri hæðina, þegar þar að kæmi.

Nú skal farið fljótt yfir sögu. Hinn 20. september 1968 var síðasti stjórnarfundur haldinn að Suðurgötu 7, í gömlu bókhöðunni. Þá þegar lá fyrir fundinum leigutilboð í neðri hæð nýja safnahússins. Hagkaup fýsti að setja þar upp verzlun. Jón á Reynistað og Gísli í Eyhildarholti sátu ekki þennan fund, en báðir höfðu lýst sig eindregið andvíga þessari málaleitan, og hafnaði stjórnin henni einróma.

Sakir veikinda formanns, Kristjáns C. Magnússonar, var ekki boðað til næsta fundar fyrr en rúmu ári síðar, 6. október 1969 í hinu nýja safnahúsi. Þá var frágangi efri hæðar það langt komið, að bókasafnið var opnað í suðurenda hússins um áramótin. Litlu síðar var gengið frá sölu gömlu bókhöðunnar. Opnun Héraðsskjalasafnsins dróst enn á langinn.

Á árunum 1962-1972 er hljótt um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Áhugi stjórnarinnar beindist aðallega að húsnæðismálum safnanna. Þó vann Kristján C. Magnússon að söfnun og skráningu mannamynda, eftir því sem heilsan leyfði, en hann gekk sjaldnast heill til skógar.

Sigurður Helgason hét Vestur-Íslendingur. Hann var tónskáld og samdi m.a. lagið við héraðssöng Skagfirðinga, Skín við sólu Skagafjörður. Sigurður var látinn, er hér var komið sögu (1966). Sá sem þetta ritar, hafði hug á, að lagið yrði íslensk eign, helzt skagfirzkrar stofnunar. Hann ritaði því ekkju tónskáldsins 1966, Hildi L. Helgason, sænskættaðri, bandarískri konu, og fór þess á leit, að hún afsalaði sér höfundarrétti að fyrrnefndu lagi og fæli bréfrítara hann til ráðstöfunar heima í Skagafirði. Hún tók því fagnandi, og var rétturinn ánaðnaður Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Þetta varð upphaf þess, að höfundur gerði frekari tilraunir seinna til að ásælast höfundarrétt til handa Héraðsskjalasafninu.

Á aðalfundi safnsstjórnar 1966 kom Jón á Reynistað því til leiðar, að Kolbeinn Kristinsson frá Skriðulandi yrði fenginn til að afrita allsherjarmanntöl í Skagafirði fram til 1920.

Þrem árum síðar var Ögmundur Helgason, nú deildarstjóri í

Landsbókasafni, fenginn til að flokka, búa um og raða skjalgögnum safnsins, og vann hann að því nokkrar vikur sumarið 1969 og næstu ár.

Jón á Reynistað hafði nokkrum sinnum mælt til þess við grein-arhöfund, að hann tæki sæti sitt, er hann hætti stjórnarstörfum fyrir safnið. Í sýslufundarviku 1971 hringir Jón, segist hættur í safnastjórn og hann vilji, að höfundur taki við. Sótti hann mál sitt fast að vanda og hafði sitt fram. Þá var Kári Jónsson, síðar stöðvarstjóri Pósts og síma, orðinn formaður safnastjórnar og góðs að vænta í samstarfi við hann á tímamótum í málefnum safnanna.


Þá gerðist það sama sumar (1971), að stjórnin ákvað að ráða forstöðumann að Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Svo var bókað: „Fór nefndin þess á leit við Kristmund Bjarnason, að hann tæki að sér að sjá um safnið og var rætt um það yrði opið minnst 6 klukkustundir á viku. Tók Kristmundur vinsamlega í þá mála-leitan, en kvaðst vilja taka sér umhugsunarfrest.“ Litlu síðar var gengið frá ráðningu hans í hlutastarf, alls 6 klukkustundir vikulega.

Þegar stjórnarformaður safnanna, Kári Jónsson, fór þess fyrst á leit við undirritaðan sumarið 1971, að hann tæki að sér forstöðu skjalasafnsins, tók hann lítið undir það. Bar margt til: Sýslunefnd hafði þá nýverið fellt að hækka framlag til þess, og alþýða manna lét sig það litlu varða. Hann hafði og erfða reynslu af safninu undanfarna áratugi, taldi torvelt að beygja Skagfirðinginn undir safnsaga.

Báðum var ljóst, að brögð voru að því, að bækur og skjöl höfðu verið lánuð út um hvippinn og hvappinn. Sumt hafði ekki heimzt aftur, er hér var komið sögu. Hlutturinn var sá, að margir héldu Sögufélag Skagfirðinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga nánast sömu stofnun! Ýtti það undir þá skoðun, að sömu menn voru oftast en hitt í stjórn beggja. Og vissulega varð Héraðsskjalasafnið til vegna fyrrnefnds félags.

Óskilsemi ýmissa sýslunarmanna kom niður á þeim, sem leituðu fanga í safninu. Var raunar ekki annað vitað um sinn en nær öll hin eldri gögn sumra sveitarfélaga væru glötuð. Betur fór þó





*Safnahúsið í byggingu. Í júlímánuði 1965 var lokið við að steypa upp kjallara, neðri hæð og milliplötu.  
Ljós.: Kristján C. Magnússon.*

en á horfðist, því að margt hefur skilað sér úr dánarbúum Skagfirðinga heima og heiman. – Útlán handrita framan af árum má að nokkru rekja til þess, að það rækti ekki skyldur sínar gagnvart neytendum, bjó þeim ekki þá aðstöðu, sem þeir áttu heimtingu á.

Hvað sem um þetta er, tók undirritaður starfið að sér, og formaður hét honum fyllsta stuðningi.

Þegar í stað var tekið fyrir lán á handritum til einstaklinga. Varð stundum af nokkur kurr, en jafnaðist brátt.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga var opnað til almennings nota 24. febrúar 1972. Mikið vantaði þó á, að öllum undirbúningi væri lokið að því er varðaði húsbúnað. Safnið var á annarri hæð í norðurenda, gegnt bókasafninu. Lesstofa þess var 38,5 m<sup>2</sup>, skjalageymslan 30,5 m<sup>2</sup>, og smákompa að auki, er safnið fékk fljótlega til afnota. Skrifstofa, ef skrifstofu skyldi kalla, var í skjalageymslunni.

Unnið var að því næstu ár að koma upp viðhlítandi búnaði. Sýslunargögn voru flokkuð, búið um þau og þeim raðað í hillur. Þá fyrst voru gerð viðunandi skil þeim gögnum, er safninu bárust árið 1958, og fyrr er frá greint. Að þessu vann mest Ögmundur Helgason nokkrar vikur á sumri næstu ár.

Ljóst var, að allnokkuð af skjölum sýslumannsembættisins á Saudárkróki laust eftir aldamót og fram um 1920 hafði glatazt. Úthýsi á vegum embættisins geymdi m.a. gömul sýslugögn. Þar gat skjalabyrðu fornlega. Flaug fyrir, að þar væri komin skjalageymsla Espólíns og kollega hans. Kistan var gengin af göflum, hafði gliðnað sundur undan prentuðu dótí og skjalgögnum, sem nú var að mestu pappírsgrautur einn. Þar voru þó nokkrar heillegar leifar skjala.

Skjalasafn klerkdóms frá 19. og öndverðri 20. öld virtist einnig hafa orðið fyrir þungum búsisfjum. Í það hafa síðar bætt bækur og skjöl, sem heimtust úr ýmsum dánarbúum og frá einstaklingum úti um hérað. Má þar nefna kirkjubók Reynistaðarklausturs frá miðbiki 18. aldar og manntalsbók frá ofanverðri 19. öld. Og mætti svo lengur telja.

Því hefur verið drepið á lélegar skjalaheimtur hér, að þær urðu til þess að marka greinarhöfundu stefnu í safnamálum, sem stjórnarformaður lagði heils hugar blessun sína yfir og studdi á alla lund. Ákveðið var að leggja allan lófa við að innheimta afhendingarskyld gögn og kappkosta um leið að fá einstaklinga, sem handrit áttu, til að afhenda safninu þau til varðveislu.



Árið 1970 nam styrkur sýslu til Héraðsskjalasafnsins 10 þúsund krónum, og dró að vonum skammt. Árið 1971 sótti formaður um 40 þúsund króna styrk hjá sýslu, og vitnaði um leið til þess, að bæjarsjóður Sauðárkróks lét 5 þúsund krónur af hendi rakna 1970, en hækkaði nú framlag sitt upp í 40 þúsund krónur. Sýslunefnd hafði þá um árabíl greitt mun meira til safnsins en Sauðárkróksbær og taldi því ekki ástæðu til „að svo stöddu“ að hækka framlagið frá árinu áður. Kári sótti enn um styrk 1972 og vann nú svo á, að sýslan veitti 75 þúsund krónur; varð því enginn eftirbátur Sauðárkróksbæjar.

Árið 1973 sendi sá, sem þetta ritar, sýslunefnd erindi, og tvöfaldaði hún styrkinn frá árinu áður. Í erindinu var vakin athygli á dræmum skilum á opinberum gögnum. Nefndin vísaði þá til 81. atriðis sýslufundargjörðar 1970. Þykir vel hlýða að greina frá því og stuðningi, sem safnið hlaut þar.

Hermann Jónsson bóndi á Yzta-Mói sat í sýslunefnd 1924-1970; var varaoddviti sýslunefndar í nær þrjá áratugi; hreppstjóri Haganeshrepps 1924-1970 og oddviti lengst af frá 1922-1966. Þegar hér var komið sögu, sat hann síðast sýslufund, þá blindur. Svo segir í sýslufundargjörð:

„Lagt fram erindi frá Hermanni Jónssyni, þar sem þess er óskað að sýslunefnd hlutist til um, að gerð verði gangskör að því, að sem mest af bókum og skjölum og öðrum gögnum í vörzlu hreppstjóra, oddvita, skólanefnda, svo og ýmissa félaga, verði afhent Héraðsskjalasafni Skagfirðinga til varðveislu.“

Tillaga Hermanns vakti miklar umræður í sýslunefnd, sem fól oddvita sínum að rita öllum hreppstjórum sýslunnar og beita sér fyrir því, „að allar hreppstjórnabækur og hreppsnefnda, fjallskilastjórna og forðagæzlumanna, ... búnaðarfélaga, kvenfélaga, ungmennafélaga og íþróttá, söngfélaga, lestrarfélaga, veiðifélaga, verzlunarfélaga o.s.frv., dagbækur og aðrar skráðar heimildir, er kunna að hafa sögulegt og menningarlegt gildi, verði sem allra fyrst afhentar Héraðsskjalasafni Skagfirðinga til varðveislu“.



Lagt á ráðin í Héraðsskjalasafni um 1983. F.v. Kristmundur Bjarnason skjalavörður, Kári Jónsson formaður safnstjórnar og Björn Egilsson sérlegur sendiherra safnsins. Ljós.: Hjalti Pálsson.

Blindan þurfti til að opna augu manna fyrir skjalageymd; brugðust menn þó ekki skjótt við, því enn var ýtt við sýslunarmönnum. Síðar var framtak Hermanns notað sem brýning.

Hið fyrsta, sem skjalavörður og formaður tóku sér fyrir hendur, var að skrifa flestum sýslunarmönnum í héraðinu haustið 1972 og krefjast enn einu sinni skila. Kári ljósritaði þá lögin um héraðsskjalasöfn og reglugerðina og lét fylgja hverju bréfi. Árangur varð lítill sem enginn.

Leita varð annarra ráða. Safnvörður taldi þann kost vænstan að senda innheimtumann út af örkinni, í senn harðdrægan og ósérplæginn, því ekkert mátti hann taka fyrir snúð sinn. Peningar voru ekki til. Slíkir menn eru fágætir. Einn taldi hann þó vandanum vaxinn. Hann var orðinn eilífur augnakarl í safninu: Björn Egilsson frá Sveinsstöðum. Hann hafði fyrr verið oddviti Lýtinga



og helzti forsjarmaður sveitarfélagsins, er það stóð í miklum stóræðum. Haft var fyrir satt, að Björn hefði reynzt ógnarbíldur stjórnvöldum syðra, er sækja þurfti um lán eða aðra fyrirgreiðslu hreppnum til handa, gerðist þá, að sögn, þrasetumaður á skrifstofum ráðuneyta og bankamanna. Þótti sá kostur þá vænstur að láta að kröfum hins skagfirzka oddvita. Björn hafði raunar, að sögn, látið þau orð falla á sýslufundi að sækja yrði skjalgögn í greipar sýslunarmanna. Þessa er þó ekki getið í fundargjörð.

Björn var fús farar og lét í vedri vaka, að hann mundi setjast upp á bæjum, þar sem sýslunarmenn tregðuðust við lögskil. Aldrei kom til þessa. Menn reyndust fegnir að losna hið bráðasta við sýslunargögnin – og Björn.

Innheimtumaðurinn fékk ferðapassa á safninu þess efnis, að hann væri „fullmektugur“ Héraðskjalasafnsins. Önnur fyrirmæli hafði Björn: Hann átti að hlera, hvar helzt væri almennra handrita von, einkagagna eða ættargersema. Skyldi hann fara bónarveg að eigendum þeirra, sýna lítillæti og mýkt, er hann bæri þar að garði.

Björn byrjaði yfirreið sína síðla árs 1973, en hófst handa að marki eftir áramótin og dró firna mikinn afla að á næstu mánuðum, meiri að vöxtum en safnið átti frá öndverðu.

Björn var við sama heygarðshornið næstu fjögur ár, hafði að lokum kvatt dyra á næstum hverjum bæ í héraðinu; suma gisti hann oftár en einu sinni. Hann tók sér far með mjólkurflutningabílum frá Sauðárkróki á endastöðvar þeirra, rölti síðan bæ frá bæ innan sveitar. Allt voru þetta vetrarferðir, því að Björn hafði öðrum störfum að gegna á sumrum. Ef rétt er munað, nam ferðakostnaðurinn, þegar upp var gert 1977, rúmlega eitt hundrað krónum. En skjalasafnið hafði margfaldazt að vöxtum; handritasafnið slíkt hið sama. Þar seldu þó margir í sumblíð, gefendur skiptu jafnan mörgum tugum. – Enn er vitað um nokkur „einkasöfn“, sem vonandi bíða varðveizlu í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

Brátt þótti sýnt að fjölga þyrfti vinnustundum við safnið, starfið orðið mun meira en ráð var fyrir gert. Árið 1975 afgreiddi skjala-

vörður t.a.m. 163 erindi utan afgreiðslutíma, en gestir voru það ár rúmlega eitt þúsund. Ekki þótti höfundi fýsilegt að bæta á sig aukavinnu, en svo varð að vera. Formaður létti undir með ígripum, afgreiddi ljósrit o.s.frv., jafnan án endurgjalds. Í greinargerð um safnið 1974 segir m.a. svo:

„Fjölmargir Skagfirðingar heima og heiman hafa á síðustu árum lært safninu góðar gjafir ... Frá því að safnið var opnað til almennra nota, hafa háskólanemar sótt það að staðaldri, er þeir vinna að prófverkefnum, og á það einkum við um þá, sem hafa skagfirzkt efni að kjörsviði. Þetta sparar þeim tíma og fé, enda hafa þeir þrásinnis sýnt, að þeir kunna vel að meta fyrirgreiðsluna ... Ennfremur er ósjaldan leitað til safnsins af innlendum og erlendum fræðimönnum, sem vinna að vísindalegum verkefnum ... Stundum kemur sér illa, að fátt er að fullu skráð og leggja verður á minnið, hvar hlutina er að finna!“

Sviplegt fráfall Björns Daníelssonar 1974 kom stjórninni í vanda. Björn hafði verið fulltrúi hennar eða framkvæmdastjóri við byggingu Safnahússins. Við lát hans seinkaði ýmsum framkvæmdum innanhúss, svo sem kaupum á húsbúnaði.

Rögnvaldi Gíslasyni var „falið að sjá um reiknings- og fjárhald safnanna fyrst um sinn“. Jafnframt var hann ráðinn forstöðumaður í hálfst starf. Skjalavörður skyldi nú gegna þriðjungi úr fullu starfi. Haustið 1975 var Eiríkur, sonur Rögnvalds, nú lektor, ráðinn til eins árs. „Hann skal einnig hafa umsjón með annarri starfsemi, er snertir Safnahúsið, að Héraðsskjalasafninu undan- teknu“, segir í gjörðabók. Allt var þetta bráðabirgðalausn. Þegar leið á sumarið 1976, ríkti enn óvissa um, hver kynni að taka við af Eiríki. Einn þeirra háskólanema, sem unnið hafði að ritgerð til B.A.- prófs á Héraðsskjalasafninu, var Hjalti Pálsson frá Hofi í Hjaltadal. Skjalavörður innti hann eftir, hvort hann mundi vilja taka að sér bókavardarstarfið og reikningshald fyrir söfnin og Safnahúsið. Tók hann því ekki fjarri. Málið var síðan rætt innan stjórnarinnar og Hjalti ráðinn um haustið í fullt starf. Skjalavörður



sinnti sem fyrr hlutastarfi. Hann áskildi sér rétt til að ráða aðstoðarfólk tímabundið til að leysa af hendi ákveðin verkefni, sem illa þoldu langa bið. Starf hans fólst í afgreiðslu á safninu og utan þess og var oft annasamt. Engan hafði grunað, að svo mikið yrði sótt til safnsins utan héraðsins. Haldið var þeirri stefnu, sem mörkuð var í upphafi, að leggja allt kapp á að bjarga hvers konar skrifuðum gögnum frá glötun, láta endanlega skrásetningu sitja á hakanum.

Það var margt, sem kallaði að, er sinna skyldi fjórþættu hlutverki safnsins, og var raunar yfir of miklu ginið, svo að vel gæti farið úr hendi. Leitast var við að efla ljósmynda- og hljómbandasafnið, einkum hið fyrrnefnda, þótt megináherzla væri lögð á skjalaheimt og svo að fá handrit úr einkaeigu til varðveislu. Mikil nauðsyn var og að efla bókakost, þótt góð samvinna tækist við bókasafnið. Þær voru ófáar ferðirnar til Önnu Pálsdóttur í afgreiðslu bókasafns þeirra erinda að fá lánaðar bækur á lestrarsal Héraðsskjalasafns. Oft var þetta tafsamt, en aldrei eftir talið.

Auðsætt þótti, að Héraðsskjalasafnið yrði að eignast gott fræðibókasafn. Einkum var brýnt að fylla í hinar miklu gloppur bókasafns, þótt gangskör væri gerð að því að bæta um þar.

Héraðsskjalasafnið átti framan af nánast engan bókakost. Það var ekki fyrr en á áttunda áratuginum, að úr fór að rætast. Þar komu tveir gamlir Skagfirðingar við sögu: Páll Sigurðsson (1905-1977), héraðslæknis Pálssonar, bókaforður við Borgarbókasafnið í Reykjavík, og Sigurður J. Gíslason (1893-1983), Konráðssonar á Bessastöðum í Sæmundarhlíð, kennari, síðast til heimilis á Akureyri.

Sigurður J. Gíslason átti vísnaðsáfn mikið, yfir 100 þúsund vísur, að hans eigin sögn. Það mun hafa verið síð sumars 1976, að sá, sem þetta ritar, færði í tal við hann, hvort hann gæfi Héraðsskjalasafni Skagfirðinga kost á að eignast það, svo og bækur og handrit. Sigurður tók þessari málaleitan ekki víðs fjarri, og skjalavörður fékk ótakmarkað umboð til samninga. Árið 1978 segir m.a. svo í greinargerð:

„Hinn 9. desember s.l. var gengið frá gjafabréfi Sigurðar J. Gíslasonar. Með því gaf hann Héraðsskjalasafni Skagfirðinga hið mikla vísnaðsáfn sitt, handrit öll og önnur rituð gögn, svo og myndir og bókasafn ... Gjafir þessar verða í vörzlu Sigurðar, meðan hann lifir, og eru skilyrtar. — Geta má þess, að Sigurður hefur unnið að vísnaðsöfnun í nærfellt 70 ár, og mun safn hans eitt hið mesta í einstaklings eigu ...“



Sigurður J. Gíslason  
kennari og vísnaðsáfnari.

Hluti af safni Sigurðar var afhentur, meðan hann var enn lífs, hins vegar kom helft þess ekki, fyrr en tveim árum eftir lát hans sökum rúmleysis.

Í greinargerð um Héraðsskjalasafnið 1985 segir:

„Bókasafn Sigurðar er hið merkasta og mikið að vöxtum, fyrrir trúlega 70-100 hillumetra, ef allt er talið. Kennir þar margra grasa, langmest ber á ritum varðandi íslensk fræði forn og ný. Flestar útgáfur Íslendingasagna er hér að finna, ... flest þjóðsagnasöfn íslenskr, Íslenskt fornbréfasafn (þó ekki heilt), Sýslumannaæfir, Árbækur Espólíns, Almanak Þjóðvinafélags og Almanak Þjóðræknisfélags. Hér gætir flestra orðabóka yfir íslenska (norræna) tungu og margs konar uppfléttrita og ... fjölda fræðirita um Ísland og Íslendinga á íslensku og erlendum málum. Mest þótti þó Sigurði sjálfum til ljóðasafnsins koma. Ljóðabækur í safninu skipta hundruðum og eru fjölmargar í frumútgáfu ... Vitaskuld er talsvert af lítt nýtum bókum í safni Sigurðar, og er þá t.a.m. átt við ósamstæð tímarit á erlendum málum, skemmtiefni ...“



Fjölmarginir hafa orðið til þess í tímans rás að gauka nýtum bókum að safninu. Ottó A. Michelsen forstjóri og kona hans, Gyða Jónsdóttir, hafa gefið safninu tugi gamalla bóka, auk annars. Einkum ber að nefna Hólaprent frá 18. öld og fyrstu prentútgáfu Heimskringlu, er Peringskiöld hinn sænski lét prenta í Stokkhólmi 1697.


Með handritagjöfum úr dánarbúum hafa oft slæðzt bókadruslur, ósjálegar á ytra borði. Engu gömlu blaði hefur verið fleygt, hvorki rituðu né prentuðu. Allt bíður þetta rannsóknar, síðan grisjunar, ef þurfa þykir.

Þegar Héraðsskjalasafnið fluttist í nýtt húsnæði 1971 og farið var að taka upp úr myndakössum, blasti við sá vandi að nafngreina mannmyndir. Kristján C. Magnússon hóf það starf, en entist ekki aldur til að ljúka því. Hann lézt árið 1973, eins og fyrr segir. Sama ár gaf Sigrún M. Jónsdóttir, ekkja Kristjáns, safninu allt filmu- og ljósmyndasafn hans; mikið að vöxtum. Sigrún fól síðan greinarhöfundum að ráðstafa höfundarréttinum, og var hann ánafnaður safninu með gjafabréfi 9. nóvember 1990. Síðar var gengið frá eins konar reglugerð um birtingu mynda og endurgjald fyrir þær, sem rynni óskert til myndadeildar safnsins.

Sjálfsagt var að halda áfram að safna ljósmyndum, ekki einungis mannmyndum, svo sem verið hafði, heldur einnig umhverfis- og atburðamyndum. Myndasafnið, sem Sigrún M. Jónsdóttir gaf, hvatti einmitt til þess.

Til þessa hafði engin spjaldskrá verið gerð yfir ljósmyndir. Leitað var ráða hjá Halldóri J. Jónssyni í Þjóðminjasafni, og veitti hann fúslega leiðbeiningar.

Sumarið 1976 var Sölvi Sveinsson, síðar kennari í Reykjavík, þá við háskólanám, fenginn til að spjaldskrá ljósmyndir. Vann hann að því um nokkurra vikna skeið sumar hvert til 1982, en þá var ekkert unnið að skráningu; eigi heldur næstu sumur. Þegar Sölvi hætti, höfðu verið spjaldskráðar á sjöunda þúsund mannmyndir, í tvöfaldri spjaldskrá, þar sem hver ljósmynd fékk myndspjald og heimildaspjald. Það var ekki fyrr en 1988, að þráðurinn



Sölvi Sveinsson við myndaskráningu í Héraðsskjalasafninu.  
Ljós.: Hjalti Pálsson.

var tekinn upp á nýjaleik, þá af Sólveigu Olgu Sigurðardóttur. Hún skipti líka á umbúðum og fór um leið yfir gamla safnið.

Áður var frá því skýrt, að Kristján C. Magnússon kynnti sér á árum áður, hvernig búa skyldi um ljósmyndir og pantaði fyrir safnið plasthylki, sem hönnuð voru til þessara nota. Svo kom það upp úr kafinu á níunda áratugnum, að plastumbúðir þessar skemmdu myndirnar, að sögn sérfróðra manna, er frá liði. Var þá ekki um annað að ræða en skipta á öllum myndunum og kaupa aðrar umbúðir, sem sköðuðu þær ekki. Hin sérhönnuðu umslög kostuðu stórfé. Halldór J. Jónsson í Myndadeild Þjóðminjasafns reyndist nú sem fyrr safninu hollur ráðunautur, alltaf reiðubúinn að sinna hvers konar kvabbi um „myndamál“.

Sólveig Olga vann mest að umbúðaskiptunum og tölusetti um-



slögin um leið. Síðan vann hún að skráningu nokkrar vikur árin 1988 og 1989 og raunar lengur.

Mikið verk er óunnið í myndasafninu. Umhverfis- og atburðamyndir hafa litla aðhlyningu fengið enn, og þeim fjölgar svo hundruðum skiptir á ári hverju. Miklum tíma hefur verið varið til nafngreiningar, þar eð fjöldi ómerktra mynda berst. Þá hafa myndir endrum og eins verið birtar í blöðum, svo og í Safnamálum síðan 1978, og lesendur beðnir að nafngreina. Það hefur skilað talsverðum árangri. Óþekktum myndum hefur og stundum verið komið fyrir í sýningarskápi í alfaraleið í Safnahúsinu.

Þess er skylt að geta með þökkum, að safnið hefur um langt árabíl fengið styrk frá Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga til myndskráningar. Gísli Magnússon, sem sat í stjórn safnanna lengur en nokkur annar, eða frá 1948 til dauðadags, 1981, hvatti jafnan til, að þangað væri sótt. Hann átti sæti í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga í rúm 60 ár. Þar var Kristján C. Magnússon áður fyrir skrifstofumaður í áratugi. Þjóðháttíðarsjóður Íslands hefur einnig hlaupið undir bagga oftár en einu sinni, svo og Vísindasjóður. Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks hefur einnig lagt Héraðsskjalasafninu fé. Kári Jónsson sat um árabíl í stjórn hans og talaði þar máli safnanna.

Lögum samkvæmt eiga héraðsskjalasöfn að njóta ríkisstyrks. Hann hefur sjaldnast komizt til skila. Þó er skylt að geta þess, að menntamálaráðaneyti rækti þessa skyldu sína við safnið t.a.m. árið 1984. Rétt fyrir jólin það ár barst því styrkur frá ráðuneytinu: kr. 6.125.00 – sex þúsund eitt hundrað tuttugu og fimm krónur!

Héraðsskjalasafnið á nokkuð af teikningum og málverkum. Þar má nefna verk eftir Siri Derkert, Sigurð Guðmundsson, Arngrím Gíslason, Jóhannes Geir, Pál Sigurðsson prófessor. Héraðsskjalasafninu hafa verið gefin þessi verk, enda þótt listasafn sé undir sama þaki, sem á og varðveitir á annað hundrað verk nafnkunnra listamanna. Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks veitti árið 1968 fé til stofnunar listasafns og forsjá falin stjórn hinna safnanna. Svo verður að líta á, að eigendur séu Skagafjarðarsýsla og Sauðárkróksbær, en safnið ber nafnið Listasafn Skagfirðinga. Skaga-

fjarðarsýsla hefur þó aldrei lagt eyri til þess, Sauðárkróksbær óveru þrívægis eða svo. Listasafnið var óskabarn Kára Jónssonar, og reri hann öllum árum að eslingu þess, með því að afla því ríkulegra opinberra styrkja til listaverkakaupa og stuðla að skrásetningu þeirra. Kári Jónsson barðist fyrir því, að eigendur settu safninu skipulagsskrá ásamt reglugjörð, og gerði sjálfur uppkast að og sendi eignaraðilum, en hvorugt hefur náð fram að ganga til þessa.

Árið 1957 hlaut Héraðsskjalasafnið nokkurn styrk „til að taka upp og geyma raddir Skagfirðinga á segulböndum“. Lítið varð úr framkvæmdum. Þó eru til upptökur frá því um 1960 og yngri. Nokkrar enn eldri tökur eða frá því laust eftir 1950, úr fórum greinarhöfundar, eru og til í afriti.

Árið 1975 fékk Frosti Jóhannsson þjóðháttáfræðingur aðstöðu á Héraðsskjalasafninu, en hann vann þá um sinn á vegum Stofnunar Árna Magnússonar við segulbandaupptökur í Skagafirði. Skyldi Héraðsskjalasafnið fá afrit af öllum spólum, en ekki hefur það gengið eftir að fullu. Þetta er allmikið safn afritana á spólum og snældum („kasettum“).

Sigurður Egilsson frá Stekkjarholti tók fjölda fólks upp á segulband á árunum 1960-1970. Þær upptökur allar gaf Hannes Pétursson skáld safninu með bréfi, dags. á jólum 1983. Hann hefur árlega í aldarfimmtung fært safninu gjafir og jafnan reynzt því á alla lund haukur í horni.

Sigrún M. Jónsdóttir lét ekki við það sitja 1973 að gefa safninu filmu- og ljósmyndasafn, heldur gaukaði hún einnig að því skuggamyndavél, skuggamyndum og 320 úrvals hljómplötum.

Pegar frá leið, leizt skjalaverði ekki á að stofna til hljómplötusafns. Hann fór því þess á leit við Sigrúnu, að hún veitti fyrir sitt leyti leyfi til, að plöturnar mætti afhenda Tónlistarskóla Skagafjarðar á Sauðárkróki til eignar. Veitti hún samþykki sitt fúslega. Safnsstjórnin féllst einnig á þetta, svo að þau urðu málalok.

Magnús Bjarnason (1899-1975) kennari á Sauðárkróki varð fastagestur á Héraðsskjalasafni, er það var opnað til almennra



nota; kom oftast fyrstur, fór síðastur. Magnús var kunnur félagshyggjumaður og féðrengur.

Hinn 13. marz 1975 kom Magnús í safnið og hafði meðferðis gjafabréf og bankabók með hálftrar milljónar króna gjöf til þess ásamt greinargerð fyrir henni. Skyldi stjórnin árlega láta fara fram vísnaþéppni og verðlauna beztu vísur, „sem orktar eru undir hefðbundnum hætti og notaðir eru höfuðstafir og stuðlar ...“ Safninu bar skylda til að hlúa að vísnaþéppni með því að auglýsa þéppnina og birta árangur og ennfremur átti að leitast við að koma vísnaþéppni á framfæri. Gjöf Magnúsar var stofnlé sjóðs, sem átti að standa undir þessum kostnaði og bar nafnið Menningar-sjóður Magnúsar Bjarnasonar kennara. Hann var öðrum þræði stofnaður til höfuðs „rímléysingjum“, en hefðbundnu kveðskaparlagi til styrktar.

Það kom í hlut skjalavardar að undirbúa framtíðarskipulag vísnaþéppninnar með Magnúsi, meðal annars, hvernig skyldi staðið að þéppninni og útgáfu, er að henni laut. Hinn 19. nóvember 1975 var í ráði að ganga endanlega frá fyrirkomulaginu. Sjálfsgagt þótti, að Magnús réði allri tilhögun, en hann kaus að hafa samráð við stjórnina. Nokkrum klukkustundum áður en fundur átti að hefjast, talaði Magnús við skjalavörð í síma og ræddi „vísnaþéppni“ sem oftast. Hann var hress í anda, hlakkaði til að ganga frá þessu. Stjórnarfundur átti að hefjast kl. 8. Svo talaðist til, að Magnús kæmi um níuleytið, er önnur fundarmál hefðu verið rædd.

Magnús hélt að heiman frá sér um hálfnú og gekk að vanda hratt suður götu, en komst ekki á leiðarenda. Dauðinn beið hans á gatnamótum nokkur fótímal frá Safnahúsinu.

Það kom því í hlut safnsstjórnar að ganga endanlega frá fyrirkomulagi vísnaþéppninnar. Magnús hafði eindregið mælt með að búa svo um hnúta, að öllum skagfirzku heimilum væri kynnt vísnaþéppnin, svo að þátttaka gæti orðið sem mest. Ennfremur vildi hann fela stjórninni að leitast við að ná til Skagfirðinga utan héraðs. Þetta var þó nokkuð laust í reipum við fráfall Magnúsar. Hann hafði viðrað þá hugmynd við skjalavörð, að gefið yrði út fjölritað dreifibréf og var alþúinn til að lána fjölritara til þeirra

hluta og sjá um dreifingu safnina að kostnaðarlausu, meðan hans nyti við. Allt fór þetta á annan veg.

Kári Jónsson vakti máls á því við þann, sem þetta ritar, að gefinn yrði út dálítill bæklingur árlega, sem yrði málþagn allra stofnana í Safnahúsinu, og um leið vettvangur vísnaþéppninnar. Skjalavörði leizt fremur illa á þessa ráðabreytni í fyrstu. Hún var kostnaðarsöm fyrir söfnin, og e.t.v. hefur nokkru um valdið, að hann taldi líklegt, að vinna að útgáfu slíks ritlings bitnaði einna mest á honum, en nóg að starfa fyrir. Kári bar mál sitt fram til sigurs góðu heilli, því að bæklingurinn, sem heitir Safnamál, að ráði skjalavardar, varð safninu hin mesta lyftistöng. Út á þau hefur því borizt mörg gjöfin í tímans rás.

Fyrsti árgangur Safnamála kom út 1977 og var sendur óþéppis á hvert heimili í Skagafirði, svo sem til kynningar. Ritlingnum var tekið hið bezta. Vísnaþéppnin varð afar vinsæl framan af. Þegar frá leið fækkaði þeim mjög, sem þátt tóku í henni. Þátttakendur vísnaþéppninnar 1984 reyndust aðeins þrír. Hún féll því niður það ár. Árið eftir fór á sama veg. Frekari tilraunir hafa ekki verið gerðar vísnaþéppninni til viðreisnar. Vísnaþéppir hafa hins vegar birt árlega í ritinu. Dómarar þéppninnar voru Andrés Björnsson fv. útvarpsstjóri, Hannes Pétursson skáld og Sigurjón Björnsson prófessor.

Ávallt hefur farið vel á með stjórn safnanna og eigendum, sýslunefnd og bæjarstjórn, sem séð hafa þeim að miklu leyti fyrir rekstrarfé. Frá og með árinu 1972 hafa söfnin ávallt fengið þann fjárstyrk hjá þeim, sem farið var fram á. Stjórnin hefur vitaskuld jafnan gætt fyllstu hófsemi í kröfum. Mannahald var í lágmarki, en af því leiddi að vísu, að minna komst í verk en ella, sérstaklega í Héraðsskjalasafni, sem ekki gat treyst á nefskatt eins og bókasafnið. Listasafnið varð eignaraðilum létt á föðrum, sem fyrr segir.

Sýslunefnd hefur leigt fundarsal í Safnahúsinu frá og með árinu 1973, og bæjarstjórn einnig haldið fundi þar frá svipuðum tíma.

Áður en sýslunefnd gekk þar til dagskrár fyrsta sinni, gaf oddviti formanni, Kára Jónssyni, orðið: „Bauð hann fundarmenn velkomna í hin vistlegu húsakynni og kvað vel til fundið, að sýslu-



nefnd væri fyrsti aðilinn, sem salinn notaði, svo frábæran höfðingskap, sem nefndin hefði sýnt með framlögum til Safnahússins á liðnum árum. Bókavörður, Björn Daniélfsson, mælti einnig nokkur orð og tók mjög í sama streng og formaður“.

Það fór heldur ekki milli mála, að á árum áður stóð sýslunefnd nær Héraðsskjalasafninu en bæjarstjórn. Það var eðlilegt. Úr röðum sýslunefndar komu baráttumennirnir fyrir stofnun safnsins. Hinn síðasti úr röðum þeirra féll frá 17. júlí 1981: Gísli Magnússon í Eyhildarholti. Hann sat óslitið í safnastjórn frá því í maí 1948 til dánardægurs. Gísli vann mikið að því með Jóni á Reynistað að afla lána og styrkja til byggingar Safnahússins, og reyndist Héraðsskjalasafni Skagfirðinga ætíð góður liðsmaður. Það var t.a.m. hans verk að koma safninu, ef svo má segja, á jötu hjá Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga, sem fyrr segir.

Sæti Gísla í Holti, eins og hann var jafnan nefndur, tók Jóhann Salberg sýslumaður, en hann hafði lengi verið varamaður í stjórn. Kári Jónsson færði sýslumanni þakkir frá söfnunum á síðasta fundi, er hann sat, hinn 25. október 1982. Svo segir í gjörðabók:

„Kári gat þess að lokum, að nú væri komið að starfslokum hér hjá Jóhanni Salberg sýslumanni og flutti honum þakkir fyrir langa og góða þjónustu og velvild í garð safnanna bæði sem oddviti sýslunnar og í stjórn safnanna.“

Sæti Jóhanns Salbergs sýslumanns tók séra Gunnar Gíslason, og varð hann síðasti fulltrúi Skagafjarðarsýslu á þessum vettvangi.

Jóhann Salberg sýslumaður gerði gangskör að því, að sýslumanns- og bæjarfógetaembætti skilðu afhendingarskyldum gögnum til Þjóðskjalasafns. Fullnaðarskil virtust ekki hafa farið fram síðan á fyrsta tugi aldarinnar. Allt varð safnið rífir 60 vänner kassar. Þar gat líka hlut Héraðsskjalasafns, en eftir var að sundurgreina, hvað skyldi sent suður yfir heiðar og hvað bæri að afhenda Héraðsskjalasafninu. Það hafði hvorki fé né mannafla til að vinna að þessum skilum, enda ekki skylda þess. Sýslumaður leysti vandan svo sem bezt varð á kosið; fékk dómsmálaráðuneyti til að



Kári Jónsson stöðvarstjóri.  
Stjórnarformaður 1970-1990.  
Ljós.: Birgir.



Gísli Magnússon bóndi, Eyhildarholti.  
Stjórnarmaður 1948-1981.

standa straum af kostnaðinum. Verkið var unnið á Héraðsskjalasafninu, en ekki á ábyrgð þess. Fylltu þessi skjalgögn á annað þúsund skjalaöskjur (stærri gerð, folio) og hátt í 200 bækur. Meginhlutinn rann til Héraðsskjalasafnsins. Það var því ekki um lítinn safnauka að ræða, þegar upp var staðið 1985. Skjalasafn Sauðárkrókskaupstaðar fram til 1966 er tvö-þrjú hundruð öskjur í foliostærð.

Það voru ekki kyn, þótt bókagjöf Sigurðar J. Gíslasonar kennara yrði að bíða afhendingar sakir rúmleysis, enda var geymslurými Héraðsskjalasafnsins fullnýtt fyrir.

Meðal annars vegna þrengsla var meira kapp lagt á ljósritun ýmissa bóka sýslumannsembættisins, sem orðið höfðu innlyksa á Héraðsskjalasafninu fyrir á tíð (1958) af misskilningi. Hefur áður verið minnzt á þessa afhendingu. Þó miklu hafi verið til kostað, er skilum ekki að fullu lokið (1991). Sömu sögu er að segja af



prófastsskjalasafni. Visitaziubækur voru afhentar safninu í tíð séra Helga Konráðssonar og ýmiss kirknaskjöl, sem ekki áttu þar heima. Fjöldi slíkra embættisbóka hefur verið ljósritaðar og frumrit send til Þjóðskjalasafns. Samt er langt í land, að því verki sé lokið. Hefur Þjóðskjalasafnið sýnt mikla biðlund. Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður heimilaði greinarhöfundu að skila gögnum smám saman eftir ljósritun. Ennfremur kvað hann svo á, að rétt væri að skila embættisbókum, sem fara ættu á safn syðra, á Héraðsskjalasafnið, hefði það áhuga á þeim til ljósritunar. Ólafur Ásgeirsson, núverandi þjóðskjalavörður, hefur sýnt sömu biðlund.

Héraðsskjalasafnið á bókbindivél. Hjalti Pálsson hefur bundið ljósrit margvíslegra handrita í snyrtilegt band og þannig gert þau aðgengilegri safngestum.

Margt forvitnilegt hefur rekið á fjörur safnsins, en langur vegur frá, að gengið hafi verið á þann reka sem skyldi, hvert arinskersli hlotið tilhlýðilega athugun. Það er margt blaðið, sem betur þarf að huga að, ekki endilega sökum þess, hve fornlegt það er, heldur allt eins, hve girnilegt það er til fróðleiks. Handritin eru hvaðan-æva af landinu, einnig vestur-íslenzk.

Hér verður hvorki gerð grein fyrir þeim tvö-þrjú þúsund handritum, sem varðveitt eru á safninu, né getið sex til sjö hundruð gefenda þeirra, innlendra og erlendra. Á safninu eru sýnishorn þess veganestis, sem gengnar kynslóðir töldu sig þurfa á lífsgöngu sinni. Þar á meðal má nefna rúmlega hundrað rímur og rímnabrot, sumt fáséð. Er gesti ber að garði, fýsir þá oft að sjá elzta handrit safnsins í bókarformi. Það er Konungsskuggsjá og Sverrissaga (Hsk. 170 fol.) á einni bók. Handritið er skrifað af Magnúsi Þórólfsyni fyrir Magnús Jónsson digra í Vigur laust eftir 1660.

Handritið átti fyrir Jósef J. Björnsson skólastjóri og alþingismaður. Ekki er fullvíst, hvenær bókin komst í eigu safnsins, en líklegt má telja, að hún hafi verið gefin „handritasafni bókasafns Skagfirðinga“ 1941, en þar átti Framfarafélag Skagfirðinga hlut að máli.

Handritið var lánað til Kaupmannahafnar og var mörg ár í

siglingunni, gekk aukin heldur meðal handritafræðinga í Reykjavík. Heim kom Konungsskuggsjá uppbyggð. Hreinsun og viðgerð hafði farið fram á handritinu, svo að nú er það mesta bóka-prýði.

Ósagt skal látið, hvort eldra handrit er að finna á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, þó telur höfundur nokkrar líkur til þess, en þar ekki um bók að ræða, heldur blöð.

Pegar kemur fram um 1980, er handritasafnið orðið svo mikið að vöxtum og þrengslin svo mikil í safninu, að afgreiðsla reyndist mjög tafsöm. Ekki varð lengur undan því vikizt að hefja skrásetningu almennra handrita, sem mun meira var sótt í en opinber gögn. Fram um 1980 var allt handritasafnið að kalla óskrásett. Það er að segja, engar handritalýsingar verið gerðar, engin handrit merkt. Nánast alltaf varð að treysta á minnið. Að vísu hafði Ögmundur Helgason skráð nokkra tugi almennra handrita á árum áður, og sá, sem þetta ritar, baukað lítillaga við slíkt löngu fyrr og notast þá við einkennisstafina HS; kunni þó þeirri skammstöfun illa. Þá var það, er Ögmundur hugðist hefja skrásetningu handrita um 1970, að þetta barst í tal við Hannes Pétursson skáld, sem staddur var á safninu. Hann stakk upp á, að kennistafir Héraðsskjalasafns Skagfirðinga yrðu *Hsk*. Þótti það vel til fundið, og hefur sú skammstöfun verið notuð síðan. Ekki er það sök þess, sem nafni réð, að sumir hafa flaskað á skammstöfuninni og ritað *Hsk*.í stað *Hsk*.

Skrásetning handrita með handritalýsingum hófst ekki að marki fyrr en eftir 1980 og var neyðarúrræði, en lengur varð ekki undan því vikizt. Reyndar hafði enginn gert því skóna, að þess yrði brýn þörf. Handritalýsingarnar hafa að vísu aldrei verið fullfrágengnar frá hendi höfundar, en þó er mikil hjálp að þeim. Í júní 1990 voru 2154 handrit skráð, sundurliðuð eftir stærð: 301 folio, 1401 4<sup>to</sup> og 452 8<sup>vo</sup>.

Við gerð mannanafnalykils hefur höfundur notið hjálpar konu sinnar, Hlífur Árnadóttur, sem m.a. hefur annazt tölvuskráningu. Af 2154 handritum, sem hann var ráðinn til að nafntaka, eru 326 í vinnslu enn (1991). Við handritaskráninguna, sem er ekki





Úr skjalageymslu Héraðsskjalasafns 1991. Gjörðabækur sveitarfélaga og félagasamtaka.  
Ljós.: Hjalti Pálsson.

fullfrágengin, hafa ýmsir reynzt höfundi hjálplegir, svo sem kona hans og Hannes Pétursson skáld. Eiríkur Rögnvaldsson vann og gott verk við skrásetningu skjalgagna sumarið 1980, svo og við frágang ýmissa opinberra gagna; reyndist bæði stórvirkur og vandvirkur.

Skráning almennra handrita er allvel á veg komin. Því eru gerðir skórnir, að á fjórða hundrað handrit hafi verið ófrágengin vorið 1990. Fullvíst er, að mikið á enn eftir að bætast við næstu ár. Enn eru ýmsar gersemar handrita í eigu einstaklinga í héraði, og vonandi verða þær fengnar Héraðsskjalasafni Skagfirðinga til varðveislu í fyllingu tímans.

Um afhendingarskyld gögn er það að segja, að ólíklegt er, að ýkja mikið berist frá stofnunum næstu ár, þar eð stutt er síðan afhending fór fram og skilafrestur er fimmtán ár. Hins vegar á Héraðsskjalasafnið eftir að gera hreint fyrir sínum dyrum gagnvart

Þjóðskjalasafni. Er það mikið verk, þar eð ljósrita þarf áður flest þau gögn, sem suður fara. – Ein er þó sú stofnun, sem lítil lögskil hefur gert safninu hér. Þar á í hlut Búnaðarsamband Skagfirðinga, stofnað 1931.

Áður er vikið að því, að Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefði fengið til eignar höfundarrétt að lagi Sigurðar Helgasonar, Skín við sólu Skagafjörður. Sumarið 1970 skrifaði greinarhöfundur Þorsteini Jónssyni rithöfundi (Þóri Bergssyni) og fór fram á, að hann gæfi Héraðsskjalasafni Skagfirðinga höfundarrétt verka sinna. Hann varð fúslega við bóninni. Þorsteinn lézt þá um haustið. Hann lét og öll handrit sín ganga til Héraðsskjalasafnsins, og erfingjar hans í Reykjavík, hjónin Margrét Hjartardóttir og Steingrímur J. Guðjónsson, færðu Listasafni Skagfirðinga m.a. þrjú málverk og eina vatnslitamynd að gjöf úr eigu þeirra hjóna, Þorsteins og Gróu Árnadóttur.

Elísabet Ísleifsdóttir, Reykjavík, gaf skjalasafninu 1978 höfundarrétt að verkum föður síns, Ísleifs Gíslasonar.

Sama ár eignaðist safnið höfundarrétt að ritverkum Sæmundar Dúasonar kennara og Björns Egilssonar frá Sveinsstöðum.

Björn Jónsson í Bæ gaf höfundarrétt sinn og öll handrit sem og þeir Sæmundur og Björn Egilsson.

Sigrún M. Jónsdóttir gaf 9. nóvember 1990 „höfundarrétt að ljósmyndum þeim“, sem eiginmaður hennar, Kristján C. Magnússon, tók, svo og birtingarrétt á öðrum ljósmyndum, sem hann kann að hafa verið rétthafi að. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga skyldi láta semja gjaldskrá í samráði við Kristmund Bjarnason. Tekjur af myndbirtingu eiga að renna óskertar til myndadeildar safnsins.

Stefán Jónsson ættfræðingur á Höskuldstöðum gaf höfundarrétt verka sinna að hálfu.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur nýtt sér þessi hlunnindi. Árið 1982 kom út bók eftir Ísleif Gíslason: *Þetta úr lofti dropar stórir*. Þar er úrval kveðskapar og bernskuminninga hans. Hannes Pétursson segir frá Ísleifi, auk þess sem í ritinu eru viðtöl og fleira. Kostnaðarmaður var Ottó A. Michelsen forstjóri, Reykjavík.



Bókaforlag Odds Björnssonar gaf út Endurminningar Þóris Bergssonar 1984. Handritið (eða þann hluta þess, sem ekki hafði komið út áður) átti Hannes Pétursson, en hann færði Héraðsskjalasafninu það að gjöf.

Sögufélag Skagfirðinga keypti birtingarrétt að verkum Stefáns Jónssonar á Höskuldstöðum og hóf útgáfu ritsafns 1984. Komið hafa út fjögur bindi.

Fleira var reynt til að auka tekjur Héraðsskjalasafns. Kári Jónsson stakk upp á því á fundi 1977, að safnið léti gera minningarkort „til fjáröflunar fyrir Fræðasjóðinn“. Var svo gert, en skilaði ónógum árangri, fyrr en hálfum öðrum áratugi síðar, þegar að því kom, að upphafsmannsins skyldi minnst, þá eflidist sjóðurinn stórum.

Hinum gamla Bóka- og handritasjóði, arfi frá Framfarafélagi Skagfirðinga, hafði verðbólguþalið nær eytt að fullu. Stjórnin var þess fýsandi, að hann „gengi óskiptur til Fræðasjóðs Skagfirðinga“. Ríkisendurskoðun heimilaði þann samruna 1989.

Hinn 14. október 1989, degi fyrir 100 ára ártíð Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum, gáfu ekkja hans, Helga Óskarsdóttir, og börn þeirra, svo og fyrri konu barn Margeirs, Friðrik, fv. skólastjóri, Héraðsskjalasafninu handritasafn hans, mikið og merkt. Í sama skipti færði Friðrik og kona hans, Aldína Ellertsdóttir, og börn þeirra, Fræðasjóði Skagfirðinga 50 þúsund krónur að gjöf.

Oft hafði verið borið í mál á fundum og utan funda að ljúka þyrfti smíði hússins. Ógengið var frá innréttingu, miðstöðvarlögnum og múrverki í kjallara. Árið 1979 var ákveðið að hefjast handa, en þá hafði Þjóðhátíðarsjóður Íslands lagt fram nokkurt fé til verksins. Síðla árs 1980 var hægt að taka geymslur í kjallara í notkun. Þá fékk skjalasafnið eins konar gistisherbergi þar, ætlað dvalargestum þess til ókeypiss afnota. Brátt fengu listamenn, sem héldu sýningar í húsinu, einnig aðgang að því, og er svo enn.

Hér verður ekki rakin byggingarsaga Safnahúss, en segja má, að einhvers konar nýsmíði eða þá viðgerðir hafi farið þar fram frá því í það var slutt. Allur erindrekstur, er að þessu laut, hefur miklu mest mætt á Hjaltu Pálssyni, sem séð hefur um hvers konar



Úr skjalageymslu Héraðsskjalasafns 1991. Hluti handritasafnsins.  
Ljóm.: Hjalti Pálsson.

kaup í umboði stjórnarinnar í hálfan annan áratug og farizt ágætlega úr hendi.

Árið 1989 var fullljóst, að Héraðsskjalasafnið yrði ekki öllu lengur starfrækt við þau skilyrði, sem það bjó við. Því var holað niður á mörgum stöðum í húsinu, frá kjallara upp á efri hæð, auk þess sem skrásettir handritahlaðar voru á gólfi skjalageymslu og skrifstofu. Því var það, að ákveðið var að flytja skjalasafnið niður í norðurenda hússins. Fundarsalnum að austanverðu var þá skipt í skrifstofu og lestrarsal. Salurinn þar inn af hafði frá fyrstu tíð gegnt geymsluhlutverki, en var nú breytt og gerður að skjalageymslu safnsins.

Safnahúsið sámir sér ekki alls kostar í því hlutverki, sem því er ætlað; gluggar margir og stórir, svo að til бага er, þar eð rúm fyrir vegghillur nýttist illa. Þess vegna voru allir gluggar í skjalageymslu teknir af, eldtraustum veggjum komið upp og járnhurðum





*Safnahús Skagfirðinga sumarið 1991. Héraðsskjalasafnið er á neðri hæð, hægra megin inngangs; var áður á efri hæð, hægra megin.  
Ljós.: Hjalti Pálsson.*

fyrir dyr. Keyptir voru hjólaskápar á sporbrautum, svo að geymslurými nýttist miklu betur en áður.

Nýja húsnæðið var ekki að flatarmáli miklu stærra en hið gamla, sem reyndist ef hver skonsa er talin, 126.5 m<sup>2</sup>. Nú var húsrýmið, og þá talin hver smuga, 144.5 m<sup>2</sup>. Mestu munandi því um hagræðinguna, og nú er hægurinn hjá að auka við hjólaskápum, er þurfa þykir, og mun þess ekki langt að bíða.

Vorið 1990 var „innbú“ Héraðsskjalasafnsins í rituðu og prentuðu máli í grófum dráttum sem hér segir: Prentað mál um 150 hillumetrar, opinber skjalgögn 150, handrit (almenn) 60.

Á stjórnarfundum 7. september 1989 óskaði skjalavörður eftir að láta af störfum um næstu áramót. Eftirmann varð því að ráða. Hann mælti eindregið með, að Hjalti Pálsson bókavörður yrði

fenginn til starfsins og hafði þá raunar rætt það mál við hann. Stjórnin féllst einróma á uppástunguna. Þá þurfti að fá bókavörð í hans stað. Brátt þótti sýnt, að það drægist á langinn. Því var þess farið á leit við fráfarandi skjalavörð, að hann starfaði til 1. júní 1990, og varð það úr. Þá gat Hjalti tekið við skjalasafninu, en Jón Árni Friðjónsson kennari réðst að bókasafninu.

Kári Jónsson fékk heilablóðfall 1987 og varð aldrei samur maður, hægri handleggur varð honum til að mynda ónýtur. Hann stjórnadi fundi síðast 23. febrúar 1987. Eftir það tók við fundarstjórn séra Gunnar Gíslason, unz Kári Jónsson kom aftur til starfa 30. nóvember 1988 eftir þunga sjúkdómsþraut. Hann var ákveðinn að víkja úr stjórninni við kosningar 1990 og sama var um fráfarandi skjalavörð að segja.

Kári Jónsson var kosinn í safnastjórn 1970 og skipaði þegar formannssæti, tók starfann að sér með hálfum huga „fyrst um sinn“. Hann átti eftir að rækja hann í tvo áratugi án þess að eiginleg formannskosning færi fram, einhver varð til að stinga upp á honum og tillagan samþykkt þegar í stað.

Hér að framan hefur verið dregið á, hvern hlut hann átti að viðreisn og eflingu skjalasafnsins. Sama var uppi á teningi um hin söfnin og Safnahúsið. Hann var jafnan með hugann við, hvernig bæta mætti þeirra hag. Þau voru ófá bréfin, sem hann skrifaði til að afla styrkja og fór sjaldan allsendis bónleiður til búðar, þótt honum þætti stundum hlutur sinn skarður.

Kári Jónsson bar það, sem á hann var lagt, með ædruleysi; tók jafnvel gleði sína aftur að nokkru, og enn var hinn sami hugur til safnanna, en baráttuþrekið var lamað. Hann vék sér undan öllum opinberum störfum, þóttist vita, að hverju mundi brátt draga. Biðin varð ekki löng: Hinn 19. marz 1991 fékk hann annað áfall, sem dró hann þegar til dauða.

*Kristmundur Bjarnason.*



## Aðalmenn í stjórn Héraðsskjalasafns Skagfirðinga 1948-1990:

Álfur Ketilsson verzlunarmaður, Sauðárkróki .....	1966-1970
Björn Daníelsson skólastjóri, Sauðárkróki .....	1954-1974
Björn Sigurbjörnsson skólastjóri, Sauðárkróki .....	1986-
Gísli Magnússon bóndi, Eyhildarholti .....	1948-1981
Gunnar Gíslason prestur, Varmahlíð .....	1982-
Gunnar Helgason viðgerðamaður, Sauðárkróki ....	1974-1982
Helgi Konráðsson prestur, Sauðárkróki .....	1948-1959
Jens P. Eiriksen verzlunarmaður, Sauðárkróki .....	1948-1950
Jóhann Salberg Guðmundsson sýslum., Sauðárkróki	1982
Jón Sigurðsson alþingismaður, Reynistað .....	1948-1971
Kári Jónsson stöðvarstjóri, Sauðárkróki .....	1970-1990
Kristján C. Magnússon bókari, Sauðárkróki .....	1959-1970
Kristmundur Bjarnason skjalavörður, Sjávarborg .	1971-1990
Rögnvaldur Finnbogason gjaldkeri, Sauðárkróki ..	1950-1954
Signý Bjarnadóttir líffræðingur, Sauðárkróki .....	1986-1990
Sigurður Sigurðsson sýslumaður, Sauðárkróki .....	1948-1958
Sigurlaug Sveinsdóttir húsfreyja, Sauðárkróki .....	1982-1986
Stefán Magnússon bókbindari, Sauðárkróki .....	1960-1966

## Stjórnarformenn

Helgi Konráðsson prestur .....	1948-1959
Kári Jónsson .....	1970-1990
Kristján C. Magnússon .....	1959-1970

## Byggðasafn Skagfirðinga

### ÁRSSKÝRSLA 1990

Að venju var safnið opið yfir sumarmánuðina, júní, júlí og ágúst. Safnverðir voru þær Ólína Jónsdóttir í Hátúni og Ragnheiður Ólafsdóttir í Varmahlíð. Samkvæmt gestabók heimsóttu 15.772 safnið, auk 50 skólabarna, sem minjavörður tók á móti í október. Samvinna við skóla í héraðinu eykst með hverju ári og nemendur allir auðsugestir.

Margt góðra gripa barst safninu og komu þeir langflestir frá Völlum í Vallhólmi. Voru það ýmsir innanstokksmunir, stórir og smáir. Að auki barst t.d. íslenskt „buffet“ frá þriðja áratugnum, nokkur rúm, feykistór skyrásar (þriggja kynslóða), búrskápur, sem áður gegndi hlutverki altaris í Goðdalakirkju. Annar gripur kom á safnið, sem líklega á einnig kirkjulegan uppruna. Það er útskorin og máluð trésúla úr gömlu baðstofunni í Sólheimum í Blönduhlíð, en hún hefur sennilega komið þangað úr gömlu torfkirkjunni á Miklabæ. Ýmislegt kom fleira, svo sem fatnaður allskonar, handlína, sem Guðlaug Arasen saumaði, skautbúningur, langsjal, vesti, skyrtu og slífsi, svunta og fingravettlingar. Frá Páfastöðum kom smjörborðið úr rjómabúinu, sem þar var eina tíð og margir fleiri góðir gripir úr búi Alberts heitins Kristjánssonar. Ýmsa fleiri búsmuni má telja: rafmagnshellu og ræsispaða, rokka og strokk, sög og bora, þ. á. m. kúnstbor, kamba, hesputré, pundara, rakknið og rakkúst, spegil, bollapör, þvottaklemmur og olíuvél „flatbrennara“.

Viðgerðir á gripum safnsins voru með minna móti. Kristinn Sigurgeirsson trésmiður og þúsundþjalasmiður gerði við annað langspil safnsins, sem orðið var mesti garmur.



Flutningur Áshúss var undirbúinn. Knútur Aadnegaard sá um að steypa og ganga frá kjallaraplötu og undirbúa húsið fyrir flutning. Var það vandaverk og vel af hendi leyst. Kjallarinn var hlaðinn í október úr grjóti, sem fengið var úti á Kleif og Mallandi á Skaga. Við hleðsluna unnu Sveinn Einarsson frá Egilsstöðum, sem var umsjónarmaður verksins, og ungir Skagfirðingar, þeir Friðrik Steinsson, S. Helgi Sigurðsson og Hans Birgir Friðriksson.

Umtalsverðar viðgerðir voru bæði á Glaumbæ og Hólum. Girðing umhverfis byggðasafnið var fúavarin og máluð. Stétt var hlaðin framan við bæjardyr, Norðurstofu, skemmudyr og smiðjudyr. Gert var við þök og sund. Norðurbúrið var tekið niður og gert upp nánast frá grunni. Nýtt torf var sett í vegg og viður mestallur endurnýjaður. Torfið var tekið á Glaumbæjareyjum, bæði í Glaumbæ og Hóla. Timbur var fengið frá Hrauni á Skaga og víðar að. Um torfviðgerðir sáu þeir Jóhannes Arason, Sveinn Einarsson, S. Helgi Sigurðsson, Friðrik Steinsson, en Sumarliði Guðbjartsson og Víglundur Þorsteinsson gripu inn í um stuttan tíma. Um tréverk sáu Ari og Elías Jóhannessynir.

Viðgerðum var framhaldið á Hólum. Frambærinn var allur tekinn niður og reistur á ný, timburgrind endurnýjuð að hluta, langmest í Suðurstofu. Veggir voru allir endurreistir, nema norðurveggur í Skála og helmingur (innri veggur) suðurveggs í Suðurstofu. Gildað var upp í bæjardyrakampa og þök endurnýjuð. Framþil voru öll tekin niður og fleygt úr fúaspýtum, nothæfur viður endurnýttur á skálaþil, en nýr viður settur í hin þilin, á bæjardyr og stofu.

Á Stóru-Ökrum var reynt að þurrka upp nýja vegg. Sett var þurrklögn og mól framan við bæjardyr og þingstofu.

Á Víðimýri sá söfnuðurinn um að mála kirkjugarðsgirðingu og staðarhaldarar, þau Anna Kristinsdóttir og Kristján Jóseppson, sáu um að tjarga þil, mála glugga og dyr, hirða garð og vökva þak. Fékk þakið nokkra aðhlynningu, þar sem torf var farið að ofþorna og rifna. Litprentaður bæklingur um staðinn var prentaður á fimm tungumálum, gestum til mikillar ánægju. Þeir urðu um 9000.

Önnur friðlýst hús voru undir stöðugu eftirliti.

Þær breytingar urðu í byggðasafnsnefndinni, að í stað Gunnlaugs Jónssonar í Hátúni kom Margrét Jónsdóttir á Löngumýri. Undirrituð vill nota tækifærið og þakka Gunnlaugi fyrir hlýjar móttökur, góðan stuðning og ánægjulegt samstarf. Gunnlaugur hefur lagt mikla vinnu og aðlúð við safnið. Hann sá um að slá lóðina og hirða hana og dittaði að öllu því, sem aflaga fór, án nokkurs endurgjalds eða að vekja á því athygli. Þau eru ófá handtök hans í þágu safnsins.

### Eftirtaldir aðilar styrktu safnið 1990:

Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga .....	kr. 45.000
Samband skagfirzkra kvenna .....	kr. 150.000
Húsafríðunarsjóður .....	kr. 340.000

### Eftirtaldir gáfu muni til safnsins árið 1990:

Edda Skagfield, Páfastöðum.  
Elísabet Andrésdóttir, Tungu í Gönguskörðum.  
Guðrún Ágústsdóttir, Freyjugötu 42, Sauðárkróki.  
Ingibjörg, Monika og Þórunn Jónasdætur frá Völlum.  
Kári Marísson, Sólheimum, Blönduhlíð.  
Ólína Jónasdóttir, Hátúni.  
Sigríður Hjálmarsdóttir og Sverrir Björnsson, Hólavegi 20, Sauðárkróki.  
Sigríður Sveinsdóttir og Ástvaldur Hjálmarsson, Deplum II, Stíflu.  
Sigríður Þorleifsdóttir, Sólheimum, Sæmundarhlíð.  
Sólborg Bjarnadóttir frá Skatastöðum.

Hafið heila þökk fyrir.

*Sigríður Sigurðardóttir.*



# Héraðsbókasafn Skagfirðinga

## Safnahús Skagfirðinga

### ÁRSSKÝRSLA 1990

Á árinu 1990 voru alls 540 nýjar bækur skráðar inn í safnið og var bókaeign í árslok orðin 24.040 bindi. Safngestir urðu um 7000, þar af um 1700 börn.

Útlán urðu sem hér segir:

Barnabækur .....	4.720
Flokkabækur .....	6.979
Skáldsögur .....	13.903
Alls .....	25.602

Útlánum hefur þannig fjölgað nokkuð frá árinu 1989, en þá voru þau 24.100. Lánþegum hefur hins vegar fækkað; þeir urðu 499, 122 börn og 377 fullorðnir, en voru alls 517 árið áður.

Safnið sá um bókaþessa fyrir togara Skagfirðinga eins og undanfarin ár. Þá var innt af hendi ýmisleg þjónusta við skólanemendur og mun hlutur Fjölbrautaskólans þar hafa orðið mestur. Millisafnalán urðu alls 312.

Á undanförunum árum hefur safnið eignast dálítið af myndböndum. Bættust 44 við á árinu, og eru myndbönd safnsins nú alls 379. Þau eru leigð út svipað og gerist á venjulegum myndbandaleigum.

Bókasafnið annast í nokkrum mæli útlán á hljóðbókum á vegum Blindrabókasafnsins. Voru lánþegar hljóðbóka 5 á árinu, en útlán alls 30.

Engar breytingar urðu á afgreiðslutíma safnsins á árinu. Gjaldskrá safnsins var sömuleiðis óbreytt.

Margir voru safninu hliðhollir eins og fyrri daginn; gáfu því bækur eða tímarit. Fylgir skrá um gefendur hér aftan við og skulu þeim færðar beztu þakkir fyrir.

Þær breytingar urðu á högum safnsins að Hjalti Pálsson lét af starfi sem bókaforstjóri og forstöðumaður Safnahúss á miðju ári, eftir að hafa gegnt því frá haustinu 1976. Hjalti sagði þó ekki skilið við Safnahúsið, heldur tók við stöðu héraðsskjalavardar af Kristmundi Bjarnasyni, sem nú lét af störfum eftir langan og happadrijúgan feril. Í stað Hjalta var Jón Árni Friðjónsson ráðinn bókaforstjóri og forstöðumaður Safnahúss. Kom hann til starfa í júníbyrjun. Aðrar breytingar urðu ekki á starfslíði hússins.

### SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Bæjarstjórn kom 19 sinnum saman til fundar í Safnahúsi. Aðrir fundir og samkomur urðu alls 33. Þá fékk starfsmatsnefnd á vegum Starfsmannafélags Sauðárkróks vinnuástöðu í húsinu nokkra daga í september. Kjölfundur vegna bæjarstjórnarkosninga var 26. maí.

Myndlistarsýningar urðu sex á árinu: Í Sæluvinu var efnt til sýningar á verkum eftir Gunnþórunni Sveinsdóttur frá Mælifellsá. Bjarni Jónsson hélt málverkasýningu á páskum og kona hans, Astrid Ellingsen, sýndi þá jafnframt þrjónakjóra. Magnús Einarsson sýndi í júlí, en Þórhallur Filippusson í byrjun desember og Gunnar Friðriksson á jólafoðstunni.

Listasafn Skagfirðinga er lítið safn, sem varðveitt er í Safnahúsinu í umsjá bókaforstjóra og skjalavardar. Þetta safn eignaðist myndir eftir alla þá, sem sýndu í húsinu á árinu, þ. á. m. fjórar myndir eftir Gunnþórunni. Átti Listasafnið 112 myndir í árslok. Í september var efnt til sýningar á nokkrum verkum skagfirzkra



myndlistarmanna, sem eru í eigu Listasafnsins. Sáu hana alls um 300 gestir, þ. á. m. allmargir skólanemar.

Í júní lauk flutningi skjalasafnsins í nýinnréttað salarkynni á neðri hæð hússins. Eftir þær breytingar stækkaði talsvert það rými, er bókasafnið fær til ráðstöfunar og mun fljótt koma í góðar þarfir.

Stjórn safnanna og Safnahússins tók talsverðum breytingum á árinu er Kári Jónsson og Kristmundur Bjarnason létu báðir af störfum. Mun framlags þeirra lengi minnzt. Nýkjörna stjórn skipuðu: sr. Gunnar Gíslason formaður, Bjarni Á. Jóhannsson, Björn Björnsson, Björn Sigurbjörnsson og Sighvatur Torfason.

*Jón Árni Friðjónsson.*

### Skrá um gefendur til Héraðsbókasafnsins 1990:

Aðalgeir Egilsson, Mánárbakka, Tjörnesi.

Björn Dúason, Ólafsvogi 9, Ólafsfirði.

Sr. Björn Jónsson, Höfðabrekku 22, Húsavík.

Brandís Benediksdóttir, Raftahlíð 40, Sauðárkróki.

Ebba Kristjánsdóttir, Kvistahlíð 1, Sauðárkróki.

Ingibjörg Guðjónsdóttir, Ártúni 1, Sauðárkróki.

Lilja Ólafsdóttir, Kárastöðum, Hegranesi.

Sigurður Ágústsson, Hólavegi 13, Sauðárkróki.

Skúli Magnússon, Vesturgötu 44, Keflavík.

Ögmundur Helgason, Tómasarhaga 12, Reykjavík.

## Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

GREINARGERÐ 1.6. TIL 31.12. 1990

Miklar breytingar urðu í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga á árinu 1990. Hinn 1. júní lét Kristmundur Bjarnason af starfi skjalavarðar eftir meira en aldarfjórðungsþjónustu við safnið. Hann var fyrsti fastráðni skjalavörður safnsins og hefur byggt það upp í að verða eitt stærsta og bezt búna héraðsskjalasafn landsins.

Staða Kristmundar var ætíð hlutastarf, síðast 75%, en í fyrstu einungis 6 stundir á viku. Þetta dugði engan veginn til að sinna þörfum safnsins og var því ómælt, sem hann vann safninu launalaust. Undirritaður tók við af Kristmundi hinn 1. júní. Síðan hefur skjalavörður verið í fullu starfi við safnið.

Hinn 22. júní var skjalasafnið opnað í nýju húsnæði, sem innréttað var á neðri hæð Safnahússins, þar sem verið hafði fundarsalur og geymslur. Fékk skjalasafnið þar með allt húsrými á neðri hæð, norðan stigagangs. Þar var hlaðinn eldtraustur veggur og síðan gert annað eldtraust hólf vestan megin, múrað upp í glugga og járnhurð slegið í dyr. Þar er skjalageymslan, 47 m<sup>2</sup>. Austur hlutinn skiptist síðan í skrifstofu og vinnustofu skjalavarðar 20.5 m<sup>2</sup> og lestrarsal fyrir gesti 27.5 m<sup>2</sup>. Inn af salernisgangi er síðan lítil kompa, þar sem komið var fyrir filmum og lesvélum. Auk þessa hefur safnið geymslu í kjallara hússins. Alls er húsrými skjalasafnsins um 130 m<sup>2</sup>. Þessum framkvæmdum var að mestu lokið um áramótin 1989/1990, en löng bið varð eftir hjólaskápum, sem settir voru upp í skjalageymslu. Var því komið fram á vordaga, þegar flutningur á innbúi safnsins hófst og vann Guðmundur Sigurður Jóhannsson einkum að því verki.

Öll vinnuástanda og aðbúnaður skjalasafnsins hefur gjörbreyzt og má segja, að nú fyrst sé safnið komið í viðhlítandi geymslu, hvað öryggi varðar.



Frá og með 1. júní var afgreiðslutíma skjalasafnsins breytt og það opið almenningi alla virka daga frá kl. 13.15 til 17.00, auk þess kl. 20.00 til 22.00 á fimmtudagskvöldum.

Komið var upp á lessal ættfræðilegu handbókasafni, sem fyrir var, og á skrifstofu bókaráðar settur kjarninn úr bókagjöf Sigurðar J. Gíslasonar, þ.e. þær bækur sem fjalla um þjóðfræði, sögu og landfræði, einnig ævisögur og orðabækur. Safnið keypti einnig töluvert af bókum á árinu. Má þar helzt telja Alþingisbækur Íslands, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í 11 bindum, Landsyfrréttardóma 1802-1873 og Ný félagsrit. Allt þetta var í vönduðu bandi og nauðsynleg uppflettirit fyrir safnið. Þá voru keypt við vægu verði um 280 bindi bóka úr dánarbúi séra Finnboga Kristjánssonar.

Lítið var unnið að skráningu handrita á tímabilinu, nýráðinn skjalavörður varði miklum tíma til að koma hlutum fyrir á nýjum stað og kynnast safninu. Einungis var gengið frá um 40 handritanúmerum.

Tvær stúlkur voru lausráðnar um tíma í desember við ljósmyndaskráningu og ljósritun embættisbóka, sem skila þarf til Þjóðskjalasafns, þær Sólveig Olga Sigurðardóttir á Sjárvarborg og Helga Björk Stefánsdóttir í Borgargerði. Um áramót voru um 8.300 mannamyndir komnar á spjaldskrá.

Safnið hefur komið sér upp myrkraklefa til framköllunar ljósmynda í bókbandsstofu í kjallara hússins, en hefur stækkara og önnur tæki að láni. Kópieraðar voru m.a. milli 300 og 400 filmur úr safni Kristjáns C. Magnússonar og unnið að nafngreiningu þeirra.

Gjafir til safnsins á tímabilinu voru 60 talsins frá 36 aðilum. Þar af bárust safninu um 600 ljósmyndir. Auk þess skiluðu nokkrir inn opinberum gögnum.

Skráðar fyrirspurnir, sem að marki þurfti fyrir að hafa, töldust 35, auk fjölmargra minniháttar erinda.

539 gestir skráðu sig í gestabók á tímabilinu 1. júní til 31. desember.

*Hjalti Pálsson.*

## Eftirtaldir gáfu til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga 1. júní til 31. desember 1990:

Árni H. Árnason, Ægisstíg 6, Sauðárkróki.  
Bjarni Jónsson, Ægissíðu 101, Reykjavík.  
Björn Dúason, Ólafsvogi 9, Ólafsfirði.  
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.  
Fjóla Baldvinsdóttir Bárðdal, Messuholti, Skag.  
Geirlaugur Jónsson, Grensásvegi 60, Reykjavík.  
Guðmundur Andrésson, Hólavegi 10, Sauðárkróki.  
Gunnar Guðmundsson, Víðinesi, Skag.  
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi.  
Haukur Stefánsson, Víðigrund 13, Sauðárkróki.  
Helga Sigurdson, Lundar, Manitoba, Kanada.  
Hlíf Árnadóttir og Kristmundur Bjarnason, Sjárvarborg, Skag.  
Hólmfríður Jóhannesdóttir, Aðalgötu 3, Sauðárkróki.  
Jóna Guðný Franzdóttir, Skógargötu 17b, Sauðárkróki.  
Kári Jónsson, Smáragrund 16, Sauðárkróki.  
Kristín Bjarnadóttir, Hólavegi 11, Sauðárkróki.  
Kristján Runólfsson, Raftahlíð 37, Sauðárkróki.  
Laufey Valdimarsdóttir, Pelamörk 40, Hveragerði.  
María Magnúsdóttir, Sléttahrauni 23, Hafnarfirði.  
Marteinn Á. Sigurðsson, Gilá, Vatnsdal, Hún.  
Ólafur Guðmundsson, Holtsgötu 9, Reykjavík.  
Páll Guðmundsson, Unnarbraut 10, Seltjarnarnesi.  
Pétur Sigurðsson, Skeggsstöðum, Hún.  
Ragnar Örn, Fellsmúla 11, Reykjavík.  
Rósa P. Jensdóttir, Bárugötu 37, Reykjavík.  
Sigríður Sigurðardóttir, Stóru-Ökrum, Skag.  
Sigrún Sigurjónsdóttir, Strandgötu 45, Akureyri.  
Sigurður Pétur Björnsson, Garðarsbraut 17, Húsavík.  
Sigurjón Sveinsson, Öldustíg 11, Sauðárkróki.  
Skúli B. Steinþórsson, Tjarnarflöt 1, Garðabæ.  
Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.  
Valgarð Einarsson, Barmahlíð 2, Sauðárkróki.  
Þorbjörg Jónsdóttir, Háaleitisbraut 115, Reykjavík.  
Þórhallur Jóhannesson, Jófríðarstaðavegi 9, Hafnarfirði.  
Þórunn Benediktsdóttir, Hraunbæ 154, Reykjavík.  
Ögmundur Helgason, Tómasarhaga 12, Reykjavík.



# Vísnaverð Guðmundar Stefáns- sonar í Minnibrekku

Hjalti Pálsson tók saman

Árið 1867, hinn 18. janúar, fæddist að Miðsitju í Blönduhlíð sveinbarn og hlaut nafnið Guðmundur. Hann var sonur hjónanna Stefáns Sigurðssonar bónda þar og konu hans Guðríðar Gísladóttur frá Hrauni í Tungusveit, Jónssonar. Var Guðríður í móðurrett komin af Benedikt skáldi á Stóru-Þverá, Sigurðssyni skálds í Minnibrekku 1709, Gíslasonar.



*Guðmundur Stefánsson  
í Minnibrekku.  
Ljós: Pétur Hannesson.*

Á fyrsta ári fór Guðmundur með foreldrum sínum vestur í Svartárdal, þaðan sem Stefán var ættaður, og dvaldist hann á Fossun nokkur ár, en 1871 lá leiðin vestur og norður í Fljót, fyrst að Berghyl, en 1872 settist fjölskyldan að í Minnibrekku, þar sem Guðmundur átti síðan heima til æviloka.

Guðmundur var yngstur þriggja bræðra. Elztur var Benedikt, fæddur 28. ágúst 1857, bóndi í Neðra-Haganesi, en drukknaði í kaupstaðarferð til Hofsóss undan Straumnesi, að talið var, 6. janúar 1899, ásamt 5 mönnum öðrum. Miðbróðirinn var Jónas, fæddur 8. maí 1861,

sem hóf búskap á móti föður sínum í Minnibrekku 1887, en missti heilsu og lézt sumarið 1895, aðeins 34 ára að aldri.

*Safnamál . 54*

Guðmundur kvæntist 1895 Ólöfu Pétursdóttur frá Sléttu í Fljótum og hófu þau búskap í Minnibrekku á móti Stefáni. Þar bjuggu þau síðan, meðan Guðmundi entist líf og Ólöf þó lengur.

Guðmundur fór ungur að fást við ljóðagerð, en hélt ekki mikið á lofti. Jafnaldri hans, æskuvinur og leikbróðir af nágrennabæ var Björn Pétursson á Sléttu, bróðir Ólafar, er síðar varð kona Guðmundar. Björn var hagarður með ágætum og þeir fóstbræður iðkuðu saman vísnaverð.

Guðmundur var hógvær maður í framkomu, bókhneigður og víðlesinn. Hann var orðvar og munu þess vart dæmi, að hann gerði ljóta vísu. Hann orti talsvert af erfljóðum og tækifæriskvæðum og lausavísur hans margar bera vott um leikandi hagnælsku og sýna skáldleg tök. Landið, náttúran öll í sínum margbreytileik var honum hugleikið yrkisefni og margar hans fallegustu vísur eru sem kliðandi náttúrumyndir:

Árdags léttu ljómar brá,  
laus við bletti skýja.  
Sólin klettakinnar á  
kossa réttir hlýja.

Næturregnið á líka sína mynd, þegar mikilúðleg úrkomuskýin hrannast upp:

Loftið grætur, geislinn flýr,  
grundar vætast kinnar.  
Síga lætur svartar brýr  
svipur næturinnar.

Fljótin snúa faðmi sínum mót Dumbshafi, en sólarlagið er óviðjafnanlegt um hásumarið:

Hallar gangi sól að sjó,  
sérhver drangi blánar.  
Geisla spangir gullnar þó  
glampa í fangi Ránar.

*Safnamál . 55*



Þegar dregur að hausti og fyrstu snjóflynur falla á jörð, fæðist vísa:

Skývangs falla fiðrin ótt,  
fræin vallar þekur.  
Sól að fjalli sígur ótt,  
sumri halla tekur.

Í svartasta skammdeginu er tunglið kærkominn ljósgjafi. Við sjáum það fyrir okkur renna upp yfir austurfjöllum, lýsa fyrst upp efstu brúnir vestan megin og fíkra sig niður hlíðina:

Senn mun skána birtan blíð  
blysið mánans viður.  
Geislar frá níð frjálst um hlíð  
feta á tánunum niður.

Raunar getur fátt fegurra en fullt tungl í heiði yfir snævi þöktu landi á kyrru vetrarkvöldi og norðurljósinn stíga dans um stjörnu-  
bjart himinhvolfið. Kvöldstemning hinn 14. marz 1911:

Mánans höllin heið og blá  
hýrgar fjöll og voga.  
Sýnist mjöllin silfurgrá  
sindra öll í loga.

Fljótin eru annáluð fannakista, svo að fáar sveitir komast þar í samjöfnuð. Mánudum saman sér hvergi á dökkan díl:

Undir fergjast feikna snjó  
fylgsnin dverga smáu.  
Nú er hvergi nakin tó  
nema bergin háu.

Veturinn 1910 var harður og snjóþungur með eindæmum. Á þorraþrælinn orti Guðmundur:

*Safnamál . 56*

Skafla hrannir hreykja sér,  
höldum annir þyngja.  
Flestar banna bjargir fer  
bölvuð fanna dyngja.

Jóladagurinn, 25. desember 1910, fékk líka sína einkunn:

Glitra sólar geislar smátt,  
glatar skjólum haginn.  
Hríðargjólán grimmdar hátt  
grenjar jóladaginn.

En öll él birtir upp um síðir, líka í snjóasælum Fljótum:

Vetrar nauðum frelsuð frá  
fagnar auða ströndin,  
því af rauðum rósum þá  
rakna dauðans böndin.

Þótt oft leysi seint fannir í Fljótum, getur vorað vel og jörðin kemur græn undan snjónum:

Hoppar bláa bunan tær  
bergið háa niður.  
Leika þráir léttur blær  
liljur smáar viður.

Og önnur hlákuvísa frá 1911:

Sólhýr þylur sunnan blær,  
sveiflar yl að dröngum.  
Ljóðaspilið lipurt slær  
lind í gilum þröngum.

Á heimleið frá Sauðárkróki með báti opnast Haganesvíkin og fjallafaðmur Fljótanna, þegar komið er fyrir Músarnes:

*Safnamál . 57*



Björt hvar fjalla brosir sýn  
brátt fer kall að líta.  
Opna falleg Fljótin mín  
faðminn mjallahvíta.

Pótt óðurinn til náttúrunnar sé áberandi í vísnagerð Guðmundar, urðu honum að yrkisefni mörg fyrirbæri manlegs lífs. Eftirfarandi vísa kennir speki hins lífsreynda manns, sem finnur halla undan fæti eftir gáska æskuáranna:

Æskan létt þó lítt sé smeyk  
lífs við glettur tíðar.  
Ellin gretta laus við leik  
launar þetta síðar.

Og gömlu hjónin eru búin að heyja sitt lífsstríð og baslið hefur sett sitt mark á þau:

Öll eru búin atlot hýr,  
ástar flúið gaman.  
Faldabréu og baugatír  
bökum snúa saman.

Minnibrekka er lítil jörð og bar ekki mikinn landbúskap tveggja bænda. Sjórinn var því drýgstur til bjargar, þótt stundum brygðist, en matarþörfin brýn, þegar líða tók að vori. Guðmundur stundaði mjög sjóinn að hætti Fljótamanna, fór þó aldrei í hákarla-legur, en reri til fiskjar vor og haust úr Haganesvík, jafnan með Þorsteini Þorsteinssyni í Vík:

Krókótt leið mín lá um haf,  
laus við neyðar störfín.  
Smærri veiði Guð mér gaf,  
en gráðug beiðir þörfín.

Árið 1924 fór Guðmundur að kenna alvarlegs heilsubrests af sjúkdómi þeim, sem að lokum lagði hann að velli. Margar vísur urðu til vegna þeirrar reynslu, sem hann hlaut í baráttu við veikindi sín, en jafnlyndi hans og trú veitti honum styrk:

Pótt ég reyni þetta og hitt,  
þraut ei nein mig hræðir.  
Hann er eina athvarf mitt,  
allra mein sem græðir.

Árið 1904 fluttist Björn Pétursson, æskuvinur Guðmundar og mágur, búferlum með fjölskyldu sína frá Stóru-Þverá til Ameríku. Hann sneri aftur heim árið 1930, en þá var Guðmundur látinn. Guðmund dreymdi eitt sinn, að Björn væri kominn heim. Þá urðu til nokkrar vísur. Þetta er ein þeirra:

Skilnaðurinn særir sál,  
samfundirnir gleðja.  
Það er hjartans hulda mál,  
heilsa vin og kveðja.

Peir vinirnir sendust á bréfum, löngum og vænum. Eitt slíkt er varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, 12 þéttskrifaðar síður, sannkallað fréttabréf úr sveitinni. Það skrifaði Guðmundur í febrúar 1926, hálfu öðru ári áður en hann lézt. Í bréfi þessu segir hann glöggt frá heilsufari sínu, dvöl á spítala á Sauðárkróki um rúmlega þriggja vikna skeið, frá því í september og fram í október 1924.

„Sjúkdómur minn var sullur í lifrinni, sem gerði allt meltingarstarfið truflað og vitlaust svo ég hafði lítil not af fæðunni fyrir uppköstum af brjóstsviða og nábítksvölum.“ Jónas læknir Kristjánsson gat þá ekkert fyrir hann gert. „Með lamandi vonbrigðum um það að fá heilsubót komst ég aftur heim til mín með miklum erfíðleikum. Ég reyndi alltaf að skrölta á fótum og hirða skepnurnar þangað til í apríl, þá byltist ég í beddann, en var þó farinn



að hressast það aftur að ég gat tekið mér far með Esjunni [til Sauðárkróks] án þess að hafa nokkurn fylgdarmann með mér... Í þetta sinn dvaldi ég á spítalanum frá 14. maí til 18. júní... Ég komst heim til mín 9 vikur af sumri og var þá ekki fullgróinn holskurðurinn, en batinn fór vel að, svo ég fór fljótt að reyna á mig við innibæjarverk, þegar heyskapurinn byrjaði. Varð mér þá í eitt skipti þetta á vörum:

Fátt á daginn ljá vill lið  
lífsánægju minni.  
Stirður bæjar störfín við  
staulazt fæ ég inni.

Eftir 6 vikur, frá því ég fór frá læknishendi, byrjaði ég að ganga út til túnasláttar, því fáir voru á spildunni, þau Ólöf mín og Stebbi litli [yngsta barnið og einkasonur, fæddur 1911]. Fáum dögum síðar minnkaði vinnukrafturinn hjá mér aftur, því sunnudagskvöldið 2. ágúst handleggsbrotnaði Stefán litli minn og kom ekki að heyvinnu úr því það sem eftir var af sumrinu, það ég get talið. Þetta var mér mikill bagi, því hann er farinn að vinna mikið eftir aldri. Hann datt af hestbaki, þegar slysið henti sig. Eitt af ýmsu fleiru, sem mér datt í hug, var þetta:

Hugmóð sáran brjóstið ber,  
binzt ég tárur valla.  
Þetta árið móti mér  
margar báru falla“.

Þótt Guðmundur gerði sér lengi nokkrar vonir um bata, varð honum þó smám saman fullljóst, að það gæti ekki orðið. Með æðruleysi og karlmennsku gengur hann til móts við örlögin. Í júlímánuði 1927 yrkir hann:

Fyrst ei heilsu hér fæst bót,  
hærra stefnir vonin.  
Glaður dauða geng ég mót  
guðs fyrir einkasoninn.

Og um svipað leyti:

Bráðum verður líf mitt létt,  
lít ég skýrt einkennið.  
Feigðin hefur signet sett  
og sögulok á ennið.

Um það bil mánuði fyrir andlát sitt verður honum á munni, eftir að hafa litið í spegil:

Nú er skipt um mína mynd  
meir en þykir betur.  
Bráðum líkams beinagrind  
bært sig lítið getur.

Og hálfum mánuði síðar kveður hann:

Finn ég líkams fjör og þrótt,  
feigðar togar straumur.  
Dagar langir líkjast nótt,  
lífið er sem draumur.

Guðmundur lézt að heimili sínu, Minnibrekku, 12. september 1927.

Það fer vel á að enda þennan þátt með lokavísu úr ljóðabréfi, sem Guðmundur sendi Birni Péturssyni vini sínum vestur um haf í janúar 1920:



Ljóða fipast lagið mér,  
lestur fréttu dvínar.  
Fleiri ekki fæðast hér  
ferhendurnar mínar.

Á sumardaginn fyrsta, 25. apríl 1991.

*Hjalti Pálsson.*



## Ábæjarskotta

Margt skondið sprek flýtur með máttarviðum á fræðaelfinni, og ýmislegt gera menn sér til gamans. Skjalavörður rakst á eftirfarandi kvittun í skrifborðsskúffu. Hún hefur vafalaust borizt með öðrum pappírur frá Völlum á sínum tíma. Og hafi einhver velkst í vafa um tilvist Ábæjarskottu, eða hvar hún skyldi vera niður komin, er málið nú upplýst:

Það viðurkennist hér með, að Jónas á Völlum, hreppstjóri með meiru, hefur í dag afhent mér Ábæjarskottu.

Goðdölum 23. 1. 1979.

*Björn Egilsson.*



Myndaþátturinn **Hver er maðurinn?** fellur niður að þessu sinni sakir rúmleysis. Hér verður þó birt ein mynd. Verið er að undirbúa uppskurð á gamla spítalanum á Sauðárkróki. Hverjir eru hér að verki?




## Safnafréttir

Kári Jónsson f.v. stöðvarstjóri Pósts og síma lézt að heimili sínu hinn 19. marz 1991. Hann gegndi formennsku í stjórn safnanna í tvo áratugi 1970-1990 og rækti það starf af dugnaði og mikilli alúð. Hans verður væntanlega minnzt í næstu Safnamálum.

Jón Árni Friðjónsson lét af starfi bókavardar 1. september 1991, en í hans stað var ráðin Dóra Þorsteinsdóttir. Þá tók Hjalti Pálsson skjalavörður að nýju við forstöðu Safnahússins, en Guðrún Ingólfsdóttir, sem annazt hefur ræstingu, varð þá jafnframt hús-vörður.

S.l. sumar var unnið að múrviðgerðum á Safnahúsinu og það jafnframt málað utan. Þá var Faxatorgið loks malbikað og gengið frá bílastæðum og götulýsingu framan við húsið.

Sauðárkróksbær festi kaup á 46 málverkum úr eigu hjónanna Ottós Michelsen og Gyðu Jónsdóttur, myndir eftir bræðurna Hrólf og Sigurð Sigurðsson, Jóhannes Geir, Jón Stefánsson og Magnús Jónsson. Þessar myndir voru settar upp á sýningu í tengslum við komu forseta Íslands 24. ágúst og opnaði forsetinn sýninguna. Við það tækifæri skoðaði forsetinn einnig Héraðsskjalasafnið.



## *Minningarkort*

Fræðasjóðs  
Skagfirðinga  
fást í

Safnahúsinu  
við Faxatorg

Blómabúðinni

Verzlun  
Haraldar Júlíussonar



# útlán

## BÓKASAFNIÐ


Mánudaga .....	kl. 3.00 – 7.00 s.d.
Þriðjudaga .....	kl. 3.00 – 7.00 s.d.
Miðvikudaga .....	kl. 3.00 – 7.00 s.d.
Fimmtudaga .....	kl. 3.00 – 7.00 s.d.
og .....	kl. 8.00 – 10.00 s.d.
Föstudaga .....	kl. 2.00 – 6.00 s.d.

*Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.*

## HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

*er opið til afgreiðslu:*

Mánudaga .....	kl. 1.15 – 5.00 s.d.
Þriðjudaga .....	kl. 1.15 – 5.00 s.d.
Miðvikudaga .....	kl. 1.15 – 5.00 s.d.
Fimmtudaga .....	kl. 1.15 – 5.00 s.d.
og .....	kl. 8.00 – 10.00 s.d.
Föstudaga .....	kl. 1.15 – 5.00 s.d.



SAFNAHÚS  
SKAGFIRÐINGA